

# Úttekt á leikskólanum Álfaheiði 2010

Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

---



Ingunn Björk Vilhjálmsdóttir og  
Svava Bernhard Sigurjónsdóttir

© Ingunn Björk Vilhjálmsdóttir, Svava Bernhard Sigurjónsdóttir, 2010  
Úttekt á leikskólanum Álfaheiði, Kópavogi  
Attentus – Mannauður og ráðgjöf ([www.attentus.is](http://www.attentus.is))

## Efnisyfirlit

Heildarmat.....	5
1. Inngangur.....	7
1.1. Gagnaöflun.....	7
2. Leikskólinn.....	8
2.1. Áherslur og stefna leikskólans.....	8
2.2 Rekstur og stjórnun.....	9
2.3 Starfsandi og skólabragur.....	9
2.4 Skólaþróun.....	10
2.5 Lög og reglugerðir.....	11
2.6 Húsnæði og aðbúnaður.....	11
Umhverfi leikskólans og útileiksvæði.....	13
2.7 Mat úttektaraðila.....	13
3. Skólanámskrá.....	14
3.1 Skólanámskrá leikskólans og tengsl við aðalnámskrá leikskóla og skólastefnu sveitarfélags.....	14
3.3. Hugmyndafræði.....	15
3.4 Sérstakar námskrár og sérstaða skólans.....	16
3.6 Uppeldi og kennsla.....	17
3.7 Tengsl skólastiga.....	18
3.8 Mat úttektaraðila.....	18
4. Náms svið og námsþættir aðalnámskrár.....	19
Hreyfing.....	19
Málrækt.....	19
Myndsköpun.....	20
Tónlist.....	20
Náttúra og umhverfi.....	20
Menning og samfélag.....	21
Mat höfunda.....	21
5. Dagskipulag og innra starf á leikskólanum.....	21
5.1 Hópatímar/lífsmenntastund.....	22
5.2 Valtímar / Frjáls leikur.....	22
5.3 Leikefni og efniviður.....	22
5.4 Mat úttektaraðila.....	23
6. Innra mat.....	23
6.1. Fyrirkomulag og framkvæmd.....	23
6.2. Umbætur á grundvelli sjálfsmats.....	24
6.3 Mat úttektaraðila.....	24
7. Mannauður.....	24

7.1 Fjöldi starfsmanna, stöðugildi og menntun.....	24
7.2 Verkaskipting og starfslýsingar .....	25
7.3 Starfsþjálfun og símenntun .....	26
7.4 Fundir og boðskipti .....	26
7.5 Jafnrétti meðal starfsmanna .....	27
7.6 Samskipti milli starfsmanna.....	27
7.7 Móttaka nýrra starfsmanna .....	28
7.8 Mat úttektaraðila .....	28
8.1 Líðan .....	29
8.2 Lýðræði .....	30
8.3 Jafnrétti .....	31
8.4 Samskipti barna og fullorðna .....	31
8.5 Mat úttektaraðila .....	32
9. Foreldrar.....	32
9.1 Foreldraráð.....	32
9.2 Foreldrafélag.....	32
9.3 Samskipti heimila og leikskólans.....	32
9.4 Mat úttektaraðila .....	33
10. Sérkennsla barna og sérfræðipjónusta sveitarfélagsins.....	34
10.1 Sérkennsla barna og sérþarfir barna.....	34
10.2 Eftirfylgni í framhaldi af greiningu.....	34
10.3 Samstarf við heilsugæslu og aðra aðila í grenndarsamfélaginu.....	35
10.4 Mat úttektaraðila .....	35
11. Mat og eftirlit sveitarfélagsins .....	35
11.1 Áherslur sveitarfélagsins.....	35
11.2 Framkvæmd ytra mats og tengsl við sjálfsmat leikskólans .....	36
11.3 Mat úttektaraðila .....	36
12. Niðurstöður höfunda .....	37
13. Styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri .....	38
Tillögur til úrbóta.....	39
Heimildaskrá.....	40
Viðauki.....	41

## Heildarmat

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á leikskólanum Álfaheiði, Kópavogi. Í verksamningi milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Attentus, mannauður og ráðgjöf í október 2010, kemur fram að „*leggja skal mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólastarfsins auk þess sem gera þarf grein fyrir því hvernig innra mat skólans og ytra mat og eftirlit sveitarfélagsins nýtist leikskólanum*“. Úttektin beindist sérstaklega að tengslum aðalnámskrár við skólanámskrá skólans og framkvæmd bæði aðalnámskrár og skólanámskrár í daglegu starfi.

Úttektin leiðir í ljós að leikskólinn hefur náð góðum árangri með stefnu sína í lífsmennt. Leikskólinn uppfyllir kröfur aðalnámskrár um námssvið og námsþætti, en skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2005 og hefur ekki verið endurskoðuð. Ekki liggur fyrir skipurit í leikskólanum, en unnið er eftir starfslýsingum Félags leikskólakennara. Meirihluti starfsmanna eru fagmenntaðir og með langan starfsaldur. Að mati úttektaraðila er fjöldi stjórnenda of mikill, t.d. eru tveir deildarstjórar á tveimur deildinni. Þeir leggja til að hlutverk og ábyrgð stjórnenda verði endurskoðuð og þeim gefin meiri ábyrgð. Fagfundir hafa lagst af í vetur vegna sparnaðar sveitarfélagsins og er að mati úttektaraðila ákveðin hættu á að það komi niður á faglegu starfi leikskólans.

Stefna leikskólans í lífsmennt og umhverfismálum er skýr og hefur skilað margvíslegum ávinningi. Leikskólinn hefur unnið að ýmsum þróunarverkefnum með góðum árangri. Kerfisbundið sjálfsmat er í skólanum, en það vantar skýrari aðgerðaráætlanir í einstökum matsþáttum. Samstarf við starfsmenn leikskóladeildar er mjög gott og koma þeir m.a. að mati á skólastarfinu. Styrkleikar leikskólans felast m.a. í lífsmenntastefnu hans, Grænánavefnum og fjölda þróunarverkefna sem hafa verið innleidd með góðum árangri. Einnig er styrkleiki hvað margir starfsmenn eru fagmenntaðir, samstarf við HÍ og áherslu á þátttöku barna í leikskólastarfinu.

Helstu veikleikar felast m.a. í að skólanámskráin er gömul og hefur ekki verið uppfærð, þröngum húsakosti, handbækur og leiðbeiningar Kópavogsbæjar ekki nægjanlega aðlagðar að skólanum, of stóru stjórnendateymi og fækkun fagfunda og starfsmannafunda á árinu. Aðgerðir sem höfundar leggja til eru m.a. skólanámskrá Álfaheiðar verði endurskoðuð strax og ný aðalnámskrá leikskóla liggur fyrir, handbækur og leiðbeiningar frá Kópavogsbæ verði aðlagðar betur að starfsemi leikskólans, skipurit útbúið, stjórnendateymi verði endurskoðað og ábyrgð þeirra betur skilgreind. Fagfundir verði teknir upp að nýju, bókunarfundir / deildarstjórufundir verði endurskoðaðir og deildarfundir verði settir í fastari skorður. Útbúa þarf skýrari aðgerðaráætlanir í kjölfar viðhorfskannana meðal starfsmanna og við mat á stjórnun. Að lokum er lagt til að sveitarfélagið skoði aðbúnað starfsmanna og útileiktæki yngstu barna.

## Formáli

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á leikskólanum Álfaheiði, Kópavogi. Úttektin er unnin á vegum Attentus – mannauður og ráðgjöf fyrir menntamálaráðuneytið. Höfundar skýrslunnar eru Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir og Svava Bernhard Sigurjónsdóttir.

Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum leikskólans, starfsfólki, foreldrum, nemendum og fulltrúum sveitarfélagsins fyrir góðar móttökur, aðstoð við gagnaöflun og samstarf á meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 17. desember 2010.

Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir, Svava Bernhard Sigurjónsdóttir

## 1. Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á leiksskólanum Álfabeiði. Úttektin er gerð á grundvelli 20. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og samkvæmt þriggja ára áætlun ráðuneytisins um úttektir á leikskólastigi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af



gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Í úttektinni skal m.a. leggja mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólastarfsins auk þess sem gera þarf grein fyrir því hvernig innra mat skólans og ytra mat og eftirlit sveitarfélagsins nýtist leikskólanum<sup>1</sup>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Attentus – mannauði og ráðgjöf, Ingunni Björk Vilhjálmsdóttur og Svövu Bernhard Sigurjónsdóttur að gera úttekt á námi í leikskólanum. Í þessari skýrslu er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum. Síðan er gerð grein fyrir starfsemi Álfabeiðar og niðurstöðum úttektar og gerð grein fyrir styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum leikskólans. Að lokum eru tillögur til úrbóta og samantekt á niðurstöðum.

### 1.1. Gagnaöflun

Tekin voru viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra, kennara, starfsmenn, börn, foreldra og leikskólafulltrúa. Hvert viðtal tók að meðaltali eina klukkustund og fór fram í leikskólanum. Markmiðið með viðtölunum var að fá viðhorf mismunandi aðila á starfi leikskólans og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins beindist að. Auk ofangreindra viðtala, funda og vettvangsskoðunar byggir úttektin á lögum og reglugerðum um leikskóla, skólanámskrá Álfabeiðar auk gagna um starfsemi leikskólans (sjá nánar í heimildaskrá).

---

<sup>1</sup> Úr erindisbréfi til úttektaraðila 8.október.2010

## 2. Leikskólinn

Leikskólinn Álfaheiði er fimm deilda leikskóli og er rekinn af Kópavogsbæ. Hann tók til starfa 1. desember 1990 og fagnar því 20 ára afmæli í ár. Fjöldi barna í leikskólanum árið 2010 er 84. Fjöldi starfsmanna er 26.

### 2.1. Áherslur og stefna leikskólans

Einkunnarorð skólans eru: **Deilum gildum okkar til að skapa betri heim.** Síðastliðin sex ár hefur leikskólinn unnið eftir námsefninu **Lífsmennt** (Living values) en það er alþjóðlegt námsefni byggt á 12 jákvæðum gildum. Markmið þess er m.a. að örva jákvæða sjálfsmynd nemenda, siðvit og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Unnið er með sex gildi á ári og er skólaárinu skipt niður eftir árstíðum. Með hverju gildi fylgja íhugunaratriði sem starfsmenn leikskólans styðjast við og hver deild útfærir eftir aldri og þroska barnanna. Til að ná tökum á gildunum verða börnin að upplifa þau í öllu daglegu starfi. Námsefnið leggur mikla áherslu á foreldrasamvinnu og að starfsmenn séu góða fyrirmyndir barnanna. Ýmiss sjálfskoðun fer fram hjá börnunum sem tengjast gildunum og má þar nefna að unnið hefur verið með nokkrar greinar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem fjallað er um rétt barna til að eiga t.d. heimili og fjöskyldu.<sup>2</sup> Að mati skólastjórnenda tengjast nokkur verkefni lífsmenntastefnunnar, t.d. **Lucasarverkefnið**, en leikskólinn hefur styrkt dreng frá Argentínu sl. 10 ár. Ýmis sjálfsskoðun tengist þessu hjá börnunum, t.d. friður, virðing og kærleikur<sup>3</sup>.

Frá árinu 2008 hefur leikskólinn flaggað **Grænfánanum**, en hann er alþjóðlegt merki um gott umhverfisstarf í skólum og í apríl sl. afhenti Landvernd leikskólanum hann í annað sinn. Kópavogsbær er einnig með umhverfisstefnu og tengist hún stefnu leikskólans. Umhverfisráð Kópavogs veitti leikskólanum viðurkenningu fyrir umhverfisstefnu sína árið 2009<sup>4</sup>. Markmið leikskólans í umhverfismennt árin 2010 – 2012 eru að vinna með áttþaga og lýðheilsu á fjölbreyttan hátt eftir aldri og getu barnanna.

---

<sup>2</sup> Gögn frá leikskólastjóra, 14. desember 2010.

<sup>3</sup> Viðtal við skólastjórnendur, 24. október 2010.

<sup>4</sup> Gögn frá leikskólastjóra, 14. desember 2010.



## 2.2 Rekstur og stjórnun

*Við leikskóla skal vera leikskólastjóri sem stjórnar starfi hans í umboði rekstraraðila. Leikskólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli... Leikskólastjóri gerir rekstraraðila og bæjarstjórn grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu<sup>5</sup>*

Leikskólinn er rekinn af Kópavogsbæ og starfar samkvæmt lögum um leikskóla, reglugerða um starfsemi leikskóla og aðalnámskrá leikskóla. Leikskólanefnd Kópavogs er stjórnarnefnd leikskóla í Kópavogi. Hún mótar ýmsar reglur um leikskólamál og fjallar um þau erindi sem henni berast. Fræðsluvið annast stjórn, rekstur og þjónustu vegna menntunar í Kópavogi. Leikskóladeild heyrir undir Fræðsluvið Kópavogs. Starfsmenn leikskóladeildar eru leikskólafulltrúi, sem er yfirmaður leikskóladeildar og jafnframt leikskólastjóra og hefur yfirumsjón með faglegu starfi og rekstri leikskólanna. Leikskólaráðgjafi er leikskólastjóra Álfheiðar og öllum starfsmönnum til ráðgjafar um fagleg málefni og samstarf. Ráðgjafar vegna sérkennslu veita ráðgjöf og stuðning vegna barna með frávik.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri leikskólans. Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra og sinnir því starfi í 20% starfshlutfalli. Leikskólinn hefur staðist rekstraráætlanir<sup>6</sup>.

Ekki liggur fyrir skipurit í leikskólanum, en unnið er samkvæmt starfslýsingum Félags leikskólakennara. Stjórnunarteymi er skipað leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og níu deildarstjórum, að meðtöldum matráði og sérkennslustjóra, samtals 11 stjórnendum, sjá viðauka 3 og 4. Vegna fjölda deildarstjóra, ná þeir ekki allir að sækja stjórnendafundi á sama tíma, en að mati leikskólastjóra er fjöldi stjórnenda hluti af hefð leikskólans<sup>7</sup>.

Að mati kennara má lýsa stjórnunarháttum leikskólans sem lýðræðislegum. Mikil tillit sé tekið til starfsmanna og hlustað á þeirra skoðanir og þeir fái að hafa áhrif á störf sín<sup>8</sup>.

## 2.3 Starfsandi og skólabragur

Að mati stjórnenda og starfsmanna leikskólans er sterk tenging á milli skólabrags og stefnu leikskólans. Rík áhersla er lögð á góð samskipti, kærleik, jákvæðni, siðvit og virðingu. Það er einn af hornsteinum námsefnisins Lífsmennt. Að mati skólastjórnenda breyttust samskiptin við foreldra við innleiðingu á gildunum, *“það létti á samskiptum og faðmurinn opnaðist meira”*. Mikil áhersla er lögð á ábyrgð hvers og eins og að hver starfsmaður finni til sín og finni sinn farveg í starfinu<sup>9</sup>.

<sup>5</sup> Lög um leikskóla, nr. 90/2008, 5.gr.

<sup>6</sup> Viðtal við formann leikskólanefndar, 24.október 2010.

<sup>7</sup> Viðtal við skólastjórnendur, 24.október 2010.

<sup>8</sup> Viðtal við kennara, 24.október 2010.

<sup>9</sup> Viðtal við skólastjórnendur, 24.október 2010.

Að mati deildarstjóra, kennara og starfsmanna er mikil virðing borin fyrir starfsmönnum, foreldrum og börnum. Allir hafa hlutverk í leikskólanum og tengist það stefnunni. Þær ræddu um að hópurinn væri mjög sterkur í heild, starfsaldur væri hár og mikil áhersla væri lögð á hæfileika hvers einstaklings fyrir sig. Að þeirra mati er lífsmenntastefnan skólabragur leikskólans. Gildin eru sterkur hluti af menningunni. Allir starfsmenn eiga bókina Lífsmennt og hafa tileinkað sér hugtökin í daglegu lífi<sup>10</sup>. Helstu áherslupættirnir í samskiptum við börnin falla einnig undir lífsmenntastefnuna. Áhersla er lögð á að sýna biðlund, taka tillit, skiptast á, lýðræðislegar ákvarðanir við val á verkefnum og lausnamiðaðar ákvarðanir<sup>11</sup>.

Annað dæmi um skólabrag leikskólans má nefna að Álfaheiði er heimaskóli Háskóla Íslands, Menntavísindasviðs. Það felur í sér að leikskólinn er með samning um vettvangsnám kennaranema. Í ár eru tveir nemar í vettvangsnámi í leikskólanum. Stjórnendur og starfsfólk eru mjög ánægð með þessa samvinnu. Nýútskrifaðir leikskólakennarar sem tekið hafa til starfa í leikskólanum hafa fengið tækifæri á að innleiða ný verkefni, t.d. með einingakubba og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Stjórnendur eru mjög opnir fyrir hugmyndum og vilja gefa þeim tækifæri á að innleiða nýjar aðferðir í skólanum sem tengist lífsmenntarstefnunni<sup>12</sup>.

Að mati starfsmanna er mikil ánægja með stjórnendum leikskólans. Það séu fá vandamál í leikskólanum og talað út um hlutina, andrúmsloftið sé jákvætt og ýtt sé undir ábyrgð á verkefnum<sup>13</sup>. Fylgst með starfsanda í starfsmannasamtölum sem leikskólastjóri tekur við starfsfólk árlega.

## 2.4 Skólaþróun.

Árið 2003 var ákveðið að fara af stað með þróunarverkefnið Lífsmennt, undir stjórn Erlu Bjarkar S. Steinarsdóttur, en hún er þýðandi bókarinnar Lífsmennt sem hefur verið þýdd á mörgum tungumálum. Lífsmennt varð til í framhaldi af alþjóðlegu verkefni, sem Brahma Kumaris stóð að árið 1995 á 50 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna. Þróunarvinna tók langan tíma og réði meirihluti starfsmanna því að stefnan var innleidd árið 2004. Allir starfsmenn komu að mótun, þróun og innleiðingu stefnunnar að leikskólastarfinu.

Árið 2007 tók leikskólinn þátt í umhverfisverkefni Landverndar, Skólar á grænni grein og vorið 2008 fékk leikskólinn Grænfanann í fyrsta sinn. Að mati starfsmanna féll verkefnið vel að stefnu Lífsmenntar<sup>14</sup>. Það hefur verið í sífelldri þróun og á næstu tveimur árum verður lögð áhersla á viðfangsefnin átthagar og lýðheilsa<sup>15</sup>. Matráður

<sup>10</sup> Viðtal við deildarstjóra, kennara og starfsmenn, 24.október 2010.

<sup>11</sup> Viðtal við skólastjórnendur og deildarstjóra, 24.október 2010.

<sup>12</sup> Gögn frá leikskólastjóra 14.desember 2010.

<sup>13</sup> Viðtal við starfsmenn, 24.október 2010.

<sup>14</sup> Viðtal við starfsmenn, 24.október 2010.

<sup>15</sup> Gögn frá leikskólastjóra, 14.desember 2010.

vinnur náði með starfsfólki og börnum að innleiðingu, m.a. í formi heilsu og næringu. Árið 2010 fékk leikskólinn Grænfánann afhentann í annað sinn frá Landvernd.

Á árunum 2005 – 2006 tóku kennarar leikskólans virkan þátt í verkefninu “Lengi býr að fyrstu gerð”, sem eru kennsluleiðbeiningar fyrir leikskólastarf með 1-3 ára börnum, en verkefnið var samstarfsverkefni fjögurra leikskóla og Háskólans á Akureyri. Í lok verkefnisins var útbúin námskrá fyrir yngstu börnin.

Að mati skólastjórnenda og deildarstjóra hefur gengið mjög vel að festa þróunarverkefnið í sessi. Margt er komið í fastar skorður og verið er að vinna að innleiðingu og aðlögun annarra þátta að skólastarfinu. Sífelld er verið að bæta og þróa starfið.<sup>16</sup>

## 2.5 Lög og reglugerðir

Stjórnendur voru spurðir hvort ný lög hefðu breytt starfinu í leikskólanum og hvernig gengi að innleiða nýjar reglugerðir. Að mati skólastjórnenda er helsta breytingin nýtt foreldraráð. Á síðasta ári voru ekki margir fundir haldnir í foreldraráðinu en markmiðið er að bæta úr því og festa þetta betur í sessi. Skólastjórnendur telja að ný lög og reglugerðir hafi ekki orðið til breytinga á kostnaði<sup>17</sup>.

Að mati stjórnenda hefur leikskólinn fundið fyrir áhrifum hagræðingaraðgerða í kjölfar hrunsins. Í dag eru færri fundir og minni yfirvinna. Þeir telja að Kópavogsbær hafi unnið að hagræðingaraðgerðum í samvinnu við leikskólastjóra. Þeir koma með tillögur sem hlustað sé á. Þeir upplifa sig sem þátttakendur í þessu erfiða verkefni. Deildarstjórar og kennarar finna mjög mikið fyrir því að það séu færri fundir og minni yfirvinna. Það bitni á fagstarfinu, stjórnun og upplýsingaflæði. Leikskólinn hefur náð að spara töluvert með innleiðingu á Grænfánanum og má þar m.a. nefna sorphirðu, rafmagn, hita og vatn aflæðinu<sup>18</sup>.

## 2.6 Húsnæði og aðbúnaður

*Samkvæmt lögum um leikskóla skal búa börnum hollt uppeldisumhverfi og örygg leikskilyrði. Stuðla skal að heilbrigðum lífsháttum, hollustu og góðum matarvenjum... Vernda skal heilsu barna og temja því hreinlæti... Umhverfið er stundum kallað þriðji uppalandinn í leikskóla, næst barnahópnum og leikskólakennara... Við mat á skólastarfi er eftirfarandi atriði athuguð varðandi húsnæði, þ.e. aðstaða og öryggi barna og aðstaða og öryggi starfsfólks<sup>19</sup>*

Skýrsluhöfundar skoðuðu húsnæði og umhverfi í heimsókn sinni á vettvangi, einnig var stuðst við upplýsingar úr viðtölum og gögn frá Álfaheiði.

### Leikskólinn

Leikskólinn er fimm deilda og eru börnin 84 á aldrinum 1-5 ára. Á deildunum Sunnu og Mána dvelja börn á aldrinum 1-2 ára, á Brekku 2-3 ára, á Hjalla 3-4 ára börn og á Lundi eru 5 ára börn.

<sup>16</sup> Viðtal við skólastjórnendur, 24.október 2010.

<sup>17</sup> Viðtal við skólastjórnendur, 24.október 2010.

<sup>18</sup> Viðtal við skólastjórnendur, deildarstjóra og kennara 24.október 2010.

<sup>19</sup> Aðalnámskrá leikskóla, 1999.

Leikskólinn er 602 m<sup>2</sup> að stærð, leikrými 264 m<sup>2</sup>, leikrými á barn 3.14 m<sup>2</sup> og heildarrými á barn 7,2 m<sup>2</sup>. Lóðin er 3120 m<sup>2</sup>. Þak leikskólans var lagfært vegna leka árið 2009 og gler endurnýjað á nokkrum stöðum. Hreinlætisaðstaða á yngstu deildum var lagfærð. Vegna leka í eldhúsi var hafist handa við lagfæringar og endurnýjun sem til stendur að halda áfram með á næsta ári<sup>20</sup>. Annað viðhald hefur verið hefðbundið.

Leikskólinn hefur nýtt salinn sem nefndur er Lundur og Torg fyrir elstu börnin til að fækka á deildum. Allur búnaður s.s. hillur er færanlegur svo hægt er að nota salinn fyrir sameiginlegar samkomur. Sér fataherbergi eru fyrir allar deildir nema yngri deildirnar sem eru með sameiginlegt fataherbergi. Öll svæði leikskólans eiga að vera aðgengileg fyrir aðrar deildir ef sú deild sem á svæði er ekki að nota það. Á hverju ári er ákveðið hvernig leikskólinn er nýttur og fer það eftir samsetningu barnahópsins hverju sinni. Yngstu börnin dvelja þó ávallt á deildunum Sunnu og Mána en þar er aðstaða best fyrir þau.

Starfsmannaaðstaða er lítil og undirbúningsherbergi nýtt sem fundaraðstaða. Ekki er komnar tölvutengingar á deildir en fartölva nýtt ef með þarf. Skv. stjórnendum fullnægir leikskólinn að mestu leyti kröfum eftirlitsaðila um húsnæði og aðbúnað. Slökkviliðið hefur unnið með leikskólanum og tekið reglulegar æfingar með starfsfólki og börnum. Ekki hefur verið framkvæmt áhættumat, en óskað hefur verið eftir athugasemdum frá starfsfólki um hættur í umhverfinu. Rýmingaráætlun er í gildi á leikskólanum<sup>21</sup> og eintök af rýmingar- og ábyrgðarsvæðum eru á hverri deild sem og skilgreind hlutverk starfsmanna ef til rýmingar kæmi. Að mati deildarstjóra, kennara, starfsmanna og barna eru þau upplýst um öryggismál og taka virkan þátt í æfingum. Þau þekkja vel sitt hlutverk<sup>22</sup>.

Stjórnendur telja að leikskólinn fullnægi ekki að öllu leyti kröfum starfsmanna, foreldra og barna er varðar húsnæði, skólalóð og aðbúnað leikskólans. Leikskólinn er 20 ára og því kominn til ára sinna. Í byrjun dvöldu 72 börn samtímis í leikskólanum og var hann tvísetinn að hluta en með breyttu þjóðfélagi dvelja nú 84 börn samtímis sem öll eru í mat og hvíld<sup>23</sup>. Kannanir á aðbúnaði eru framkvæmdar af Kópavogsbæ og einnig er rýnt í niðurstöður úr Ecers kvarða. Húsnæðismálin hafa yfirleitt komið frekar illa út úr könnunum. Að mati foreldra er mjög þröngt inn í leikskólanum, t.d. er búið að fórna leikfimisalnum fyrir elstu börnin<sup>24</sup>. Hugmyndir voru uppi um að stækka leikskólann, en það hefur verið sett á bið vegna skorts á fjármagni. Athugasemdir hafa komið frá Heilbrigðiseftirlitinu um eldhúsið og hafa þær að hluta til verið teknar til

<sup>20</sup> Gögn frá leikskólastjóra 14. desember 2010.

<sup>21</sup> Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum 1980/46

<sup>22</sup> Viðtal við skólastjórnendur, kennara, starfsmanna og barna, 24. október 2010.

<sup>23</sup> Gögn frá leikskólastjóra, 14. desember 2010.

<sup>24</sup> Rýnihópur foreldra, 24. október 2010.

greina en til stendur að klára framkvæmdir í eldhúsi á næsta ári<sup>25</sup>. Að mati deildarstjóra og kennara vantar tvö herbergi fyrir starfsfólk (undirbúningsherbergi og sérkennsluherbergi). Einnig er skortur á tölvum<sup>26</sup>.

## Umhverfi leikskólans og útileiksvæði

Leikskólinn er á sunnanverðum Digraneshálsi. Stutt er í skemmtileg útivistarsvæði, s.s. Digranesháls og Kópavogsdal. Að mati starfsmanna er skortur á leiktækjum fyrir yngstu börnin t.d. rennibraut. Almennt voru flestir sem rætt var við ánægðir með lóðina en töldu að leiktækin væru komin til ára sinna<sup>27</sup>. Foreldrar telja að lóðin sé mjög góð<sup>28</sup>. Starfsmaður fer yfir útilóðina áður en börnin fara út á daginn og kannar áhættur. Einnig hefur eftirlitsmaður kannað ástand lóðarinnar reglulega<sup>29</sup>.

## 2.7 Mat úttektaraðila

- Stefna leikskólans “Lífsmennt” er skýr og rauður þráður í gegnum allt starfið. Verkefnið var tilnefnt til foreldraverðlauna Heimilis og skóla.
- Leikskólinn flaggar Grænfánanum í annað sinn og tengist umhverfisþátturinn vel lífsmenntastefnu leikskólans. Umhverfisráð Kópavogs veitti leikskólanum viðurkenningu fyrir umhverfistefnu sína árið 2009.
- Ekki liggur fyrir skipurit í leikskólanum, en unnið er eftir starfslýsingum Félags leikskólakennara. Ekki liggja fyrir sérstakar starfslýsingar fyrir leiðbeinendur í þeim.
- Stjórnunarteymi er skipað leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og níu deildarstjórum, samtals 11 stjórnendum, eða 42,3% af starfsmannahópnum. Að mati úttektaraðila er stjórnendateymið of stórt. Deildarstjórar hafa ekki nægjanlega skýrt ábyrgðarsvið í stjórnun, t.d. taka þeir ekki starfsmannasamtöl við sína undirmenn og mæta ekki allir í einu á bókunarfundina / deildarstjórafundum.
- Starfsandi og skólabragur leikskólans tengist stefnu hans “Lífsmennt”. Lögð er áhersla á góð samskipti, kærleik, jákvæðni og virðingu.
- Leikskólinn er heimaskóli Háskóla Íslands – Menntavísindasviðs og tekur 2-3 kennaranema árlega í vettvangsnám. Verkefnið hefur skilað góðum árangri.
- Leikskólinn hefur tekið þátt í mörgum þróunar- og nýbreytniverkefnum og innleitt þau með góðum árangri.
- Tölvur eru ekki inn á deildum.
- Ekki hefur verið framkvæmt áhættumat í leikskólanum.
- Leikskólinn er 20 ára og húsnaði nokkuð þröngt. Úttektin leiðir það í ljós að starfsmannaaðstöðu er ábótavant, t.d. er undirbúningsherbergi samnýtt fundaraðstöðu. Húsnaðismál koma frekar illa út úr könnunum.

<sup>25</sup> Gögn frá leikskólastjóra, 14. desember 2010.

<sup>26</sup> Viðtöl við deildarstjóra og kennara, 24. október 2010.

<sup>27</sup> Viðtal við starfsmenn, 24. október 2010.

<sup>28</sup> Rýnihópur foreldra, 24. október 2010.

<sup>29</sup> Viðtal við kennara, 24. október 2010.

### 3. Skólanámskrá

*Á grunni aðalnámskrár leikskóla ber sérhverjum leikskóla að semja skólanámskrá þar sem gerð er uppeldis- og námsáætlun til lengri eða skemmri tíma... Námskráin skal vera í rituðu formi og öllum aðgengileg sem málið varðar...Skólanámskrá skal vera í samræmi við opinbera uppeldisstefnu leikskólans, svo og þær áherslur og sérstöku markmið sem hver leikskóli setur sér... Til að ná sem bestum árangri skal allt starfsfólk leikskóla taka þátt í gerð skólanámskrár á grundvelli starfsreynslu, lífsviðhorfa og faglegrar þekkingar.<sup>30</sup>*

Skólanámskrá Álfheiðar var gefin út í desember 2005 og tekur mið af áherslum sem fram koma í aðalnámskrá leikskóla, stefnu leikskólans, sérstökum áherslum og þeim aðstæðum sem hann býr við. Skólanámskráin hefur ekki verið endurskoðuð frá gerð hennar og er hún ófullnægjandi að mati skólastjórnenda, m.a. vegna þess að leiksvæðin innandyra og námsefnið er svo breytt og hún gefur ekki rétta mynd af þeim þróunar- og nýbreytniverkefnum sem unnið hefur verið að á síðustu árum<sup>31</sup>. Til stendur að endurskoða skólanámskrána og aðlaga hana að breyttum áherslum við útgáfu á nýrri aðalnámskrá leikskóla. Allir starfsmenn komu að gerð skólanámskrár leikskólans og var það meirihlutaákvörðun starfsmanna sem réði því að ákveðið var að leggja áherslu á námsefnið Lífmennt.

#### 3.1 Skólanámskrá leikskólans og tengsl við aðalnámskrá leikskóla og skólastefnu sveitarfélags.

Í skólanámskrá leikskólans kemur fram að markmið hennar sé að skipuleggja uppeldi og nám barna, að stuðla að skilvirkara starfi og gera leikskólastarfið sýnilegra. Í námskránni er tekið á fjölmörgum þáttum sem barnið er að tileinka sér og læra í samvinnu og samskiptum við aðra í leikskólanum. Þar kemur fram að unnið sé eftir menntastefnunni Lífmennt, rekstri leikskólans er gerð skil, námssviðum, daglegum venjum, sérkennslu, gæðamati og foreldrasamstarfi.<sup>32</sup> Að mati skólastjórnenda hefur leikskólastarfið þróast mikið frá því sem gert er grein fyrir í skólanámskrá m.a. með samþættingu á umhverfis og lífsmenntastefnunni<sup>33</sup>.

Stefna Kópavogsbæjar er að leikskólar bæjarins séu leiðandi í uppeldi, menntun og þjónustu. Starfsmenn leikskólanna eru lykill að velgengni og árangri bæjarins í uppeldis- og menntamálum. Þess vegna leggur Kópavogsbær áherslu á að bjóða starfsmönnum og börnum skapandi og ánægjulegt starfsumhverfi, þar sem áherslan er á menntun, mannauð, öryggi, samvinnu og gæði<sup>34</sup>. Kópavogsbær gefur út samræmda skólastefnu fyrir alla leikskóla sveitarfélagsins. Hver leikskóli útfærir síðan sína stefnu. Að mati leikskólastjóra og kennara eru mikil tengsl á milli stefnu bæjarins og leikskólans<sup>35</sup>.

<sup>30</sup> Aðalnámskrá leikskóla, 1999.

<sup>31</sup> Viðtal við skólastjórnendur, 24.október 2010.

<sup>32</sup> Skólanámskrá Álfheiðar, 2005.

<sup>33</sup> Viðtal við skólastjórnendur, 24.október 2010.

<sup>34</sup> Stefna og framtíðarsýn leikskóla Kópavogs.

<sup>35</sup> Viðtal við skólastjórnendur og kennara, 24. október 2010.

Skólafélag sveitarfélagsins kom út árið 2008 og var því ekki til staðar þegar skólanámskrá Álfaheiðar var gefin út. Við gerð skólanámskrár Álfaheiðar var stuðst við ramma frá sveitarfélaginu, „sveitarfélagið gaf rammann og við fylltum inn í“<sup>36</sup> Fræðsluskrifstofa Kópavogs gaf út á árunum 2006-2010 aldurskiptar námskrár fyrir börn á leikskólum sveitarfélagsins en þær eru hugmyndafræðilegur grunnur þar sem áhersla er lögð á hvernig börn læra á hverju aldurstigi fyrir sig og þeirri sérstöðu sem hver aldurshópur hefur. Leitað var eftir samvinnu og hugmyndum kennara og skólastjórnenda leikskóla Kópavogs þegar árganganámskrárnar voru gerðar og vinnur Álfaheiði eftir þeim í dag. Markmiðið er að endurskoða skólanámskrár Kópavogs þegar ný aðalnámskrá leikskóla liggur fyrir, í kjölfarið mun Álfaheiði endurskoða sína skólanámskrá. „Erum að bíða eftir nýrri aðalnámskrá leikskóla frá ráðuneytinu“<sup>37</sup>.

### 3.2 Áherslur á tiltekna þætti.

Í námskrá leikskólans er lögð áhersla á að efla alhliða þroska og þroskaþætti barna. Í námskránni er tekið á fjölmörgum þáttum sem barnið er að tileinka sér og læra í samvinnu og samskiptum við aðra í leikskólanum. Í skólasýn leikskólans kemur m.a. fram.<sup>38</sup>

- Við höfum þá trú að börn séu skapandi og getumiklir einstaklingar og það sé okkar að skapa þeim áhugavert umhverfi, jafnt innandyra sem utan, þar sem leikurinn fær að njóta sín.
- Við teljum að börn þroskist best í jákvæðu, öruggu, hlýju og tilfinningaríku umhverfi þar sem borin er virðing fyrir þeim og skoðunum þeirra. Lögð er áhersla á hlýlegt og örvandi umhverfi og er leikskólinn skreyttur með listaverkum eftir börnin.

Í skólanámskránni er mikil áhersla lögð á vægi frjálsa leiksins í leikskólastarfinu og hlutverk kennarans í leik barnanna. „*Leikurinn er landið þar sem barnið er konungur. Tungumál leiksins nær til allra óháð landamærum. Börn úr öllum heimshornum þurfa engin orð, þau skilja hvort annað*“<sup>39</sup>.

### 3.3. Hugmyndafræði

Hugmyndafræði leikskólans byggir á menntastefnunni Lífsmennt og þeim meginmarkmiðum sem hún byggir á. Lífsmennt styðst við fjölgreindarkenningu Howards Gardner. Hann skipti möguleikum mannsins í átta yfirgripsmikla frumflokka eða greindir. Mál- rök og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkams og hreyfigreind, tónlistargreind, samskiptagreind, sjálfsþekkingargreind og umhverfisgreind. Diane

<sup>36</sup> Viðtal við skólastjórnendur, 24. október 2010.

<sup>37</sup> Viðtal við formann skólanefndar Kópavogsbæjar, 24. október 2010.

<sup>38</sup> Skólanámskrá Álfaheiðar, 2005.

<sup>39</sup> Skólanámskrá Álfaheiðar 2005, bls. 7.

Tillman bandarískur skólasálfræðingur tók efnið saman og hlaut það kennaraverðlaun í Bandaríkjunum árið 2002<sup>40</sup>.

Að sögn skólastjórnenda er lögð áhersla á að líta á hvern einstakling sem sérstakan, tala við börnin af hlýhug og að þau dafni í gildisríku andrúmslofti. Að mati deildarstjóra og starfsmanna er hugmyndafræði leikskólans skýr, lögð sé áhersla og rólegt umhverfi og virðingu<sup>41</sup>.

### 3.4 Sérstakar námskrár og sérstaða skólans.

*Námskrár geta verið mismunandi eftir því hvort gera á grein fyrir starfinu í heild eða einstökum þáttum þess. Leikskóli getur því einnig sett sér námskrár sem fjalla um afmarkaða þætti í leikskólastarfinu og skal kynna þær á sama hátt og skólanámskrána<sup>42</sup>.*

1. **Lífsmennt:** Álfabeiði vinnur eftir námsefninu Lífsmennt (Living Values: An Educational Program) en það byggir á 12 jákvæðum gildum. Lífsgildin eru *Friður – Virðing - Hamingja - Umburðarlyndi - Ábyrgð – Samvinna- Kærleikur - Auðmýkt - Heiðarleiki - Frelsi - Einfaldleiki – Eining*. Meginmarkmið með námsefninu er að örva jákvæða sjálfsmynd nemenda, siðvit og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Forsenda námsefnisins er að fullorðnir tileinki sér gildin. Í viðauka 1 má sjá undirmarkmið lífsmenntar. Leikskólinn vinnur með sex gildi á ári og er skólaárinu skipt niður eftir árstíðum.
2. **Umhverfismennt – Grænfáninn:** Álfabeiði er umhverfisvænn leikskóli og flaggar hann Grænfánanum, sem er alþjóðlegt merki um gott umhverfisstarf í skólum, í annað sinn. Tvískipt umhverfisráð er starfandi við skólann, umhverfisráð elstu barna leikskólans ásamt hópstjórum og leikskólastjóra og umhverfisráð skipað starfsmönnum leikskólans og fulltrúa foreldra. Að mati skólastjórnenda falla umhverfisstörfin vel að hugmyndafræði Lífsmenntar.<sup>43</sup> Verkefnið er í sífældri þróun og á næsta ári verður lögð áhersla á átthaga og lýðræði.
3. **Lestrarátakið – það er gaman að lesa:** Allan nóvembermánuð stendur yfir lestrarátak sem nefnist, *Það er gaman að lesa saman* og er það samstarfsverkefni, foreldra, Bókasafns Kópavogs og leikskólans.
4. **Verndarar barnanna – Blátt áfram:** Starfsfólk hefur farið á forvarnarnámskeiðið *Verndarar barna* á vegum Blátt áfram samtakanna og einnig bauð foreldrafélagið upp á fyrirlestur um þetta efni fyrir foreldra. Leikskólinn gefur öllum fimm ára börnum forvarna - og fræðslubókina *Þetta eru mínir einkastaðir*. Að mati skólastjórnenda er fyrirhugað að vinna aðgerðaráætlun

<sup>40</sup> Skólanámskrá Álfabeiðar 2005, bls. 7.

<sup>41</sup> Viðtal við skólastjórnendur, deildarstjóra, kennara og starfsmenn, 24.október 2010.

<sup>42</sup> Aðalnámskrá leikskóla 1999, bls. 37.

<sup>43</sup> Viðtal við skólastjórnendur, 24.október 2010.



í samvinnu við foreldraráð skólans<sup>44</sup>. Að mati deildarstjóra þarf að festa aðferðafræðina betur í sessi<sup>45</sup>.

5. **Lucas – styrkarbarn leikskólans:** Leikskólinn styrkir framfærslu Lucasar 10 ára drengs frá Argentínu, sem fæddur er 11. nóvember árið 1999. Á hvert er haldið upp á afmælið hans og í tilefni dagsins baka börnin og bjóða foreldrum sínum í morgunkaffi. Á hverri deild er staðsettur baukur sem hægt er að setja í smápeninga. Foreldrar, börn og starfsmenn hafa komið færandi hendi og sameiginlega safnað fyrir framfærslu Lucasar.
6. **Barnasáttmálinn í leikskólastarfi:** Barnasáttmálinn fellur vel að stefnu lífsmenntar og er verið að samtvinna nokkrar greinar hans að hugmyndafræði og námsefni Lífsmenntar. Á síðasta skólaári hófst þróunarstarfið með börnum fæddum 2005 en verið er að þróa og útfæra námsefni svo hægt sé að leggja það fyrir á fleiri deildum.
7. **Einingakubbar:** Nemi frá KHÍ skrifaði lokaverkefni um einingakubba og í framhaldi var aðferðafræðin innleidd í leikskólanum. Innleiðingunni er ekki lokið, en mikil ánægja er með einingakubbana að mati stjórnenda.
8. **Kundalini jóga.** Á síðasta skólaári var haldið námskeið fyrir starfsmenn og tvo elstu árganga leikskólans í jóga. Fyrirhugað er að bjóða börnum leikskólans upp á jógakennslu og hefur leikskólakennari tekið saman leiðbeiningar um efnið til að auðvelda börnum og starfsfólki að taka þátt.
9. **Lengi býr að fyrstu gerð.** Sjá nánar kafla 2.4 um skólaþróun.

Leiðtogar hafa verið skipaðir í ákveðin verkefni „verkefnastjórar til að draga vagninn“.<sup>46</sup>

### 3.5 Endurskoðun námskrár, þátttaka og áhrif.

Skólanámskrá Álfheiðar hefur ekki verið endurmetin frá því að hún var gerð í desember 2005. Að sögn leikskólastjóra er áætlað að fara í endurmat á henni á næsta ári í tengslum við útgáfu nýrrar aðalnámskrár leikskóla. Gert er ráð fyrir því að starfsmenn leikskólans komi að því starfi eins og síðast<sup>47</sup>.

### 3.6 Uppeldi og kennsla

Á leikskólanum er lögð áhersla á árgangaskiptingu. Í dag eru tveir árgangar inni á deildum að sögn leikskólastjóra og vinna yngri deildirnar nokkuð saman en elsta deildin er sér. Unnið er í fámennum hópum þar sem sérstaklega er unnið að námsmarkmiðum og gildum leikskólans og lögð er áhersla á að vinna sem mest í gegnum leikinn. Ákveðið frelsi ríkir á deildum leikskólans varðandi hópatíma og val

<sup>44</sup> Viðtal við skólastjórnendur, 24.október 2010.

<sup>45</sup> Viðtal við deildarstjóra, 24.október 2010.

<sup>46</sup> Viðtal við skólastjórnendur, 24.október 2010.

<sup>47</sup> Viðtal við skólastjórnendur 24.október 2010.

innan þess ramma sem dagskipulagið gerir kröfur til sem og með stjórn hópatíma, „flæðið er eftir deildum“<sup>48</sup>.

Skólaárið 2010-2011 er unnið með sex lífsgildi í lífsmennt á margvíslegan hátt í daglegu starfi á leikskólanum. Hverju gildi fylgja íhugunaratriði sem stuðst er við og útfærir hver deild starfið eftir aldri og getu barnanna. Gildin sem unnið verður með í vetur eru.

- **Friður** (september – nóvember). Markmiðið er að skapa friðsæl samskipti og byggja upp hæfileika til að leysa ágreining á jákvæðan hátt.
- **Umburðarlyndi og kærleikur** (desember – janúar). Markmiðið er að skapa aðstæður til að börn læri að deila með sér og sýna öðrum umhyggju og kærleika.
- **Einfaldleiki og auðmýkt** (mars – maí). Markmiðið er að börnin kynnist náttúruvernd og undrum náttúrunnar.
- **Hamingja** (júní – ágúst). Markmiðið er að byggja upp félagslega færni í hamingjuríkum samskiptum og njóta útiveru og alls þess sem náttúran hefur upp á að bjóða.

### 3.7 Tengsl skólastiga

*Mikilvægt er að samstarf sé á milli leikskóla og grunnskóla til að stuðla að samfellu í uppeldi og menntun barnsins og að það upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum*<sup>49</sup>

Í samtali við stjórnendur er stuðlað að samstarfi á milli leik- og grunnskóla eins og segir í aðalnámskrá leikskóla.<sup>50</sup> Álfaheiði á í samstarfi við Álfhólsskóla en búið er að sameina Hjallaskóla og Digranesskóla. Að sögn leikskólastjóra hafa skólastjórnendur og leikskólastjóri hist einu sinni á ári, elstu börn leikskólans hafa farið í heimsóknir í skólana og tekið þátt í kennslustundum, frímínútum og skólaskemmtunum og börn í fyrsta bekk hafa heimsótt leikskólann. Erfitt hefur verið að sameina skipulagsdaga skólanna og meira flæði mætti vera á milli starfsmanna skólastiganna að mati leikskólastjórnenda<sup>51</sup>.

### 3.8 Mat úttektaraðila

- Skólanámskrá Álfaheiðar var gefin út árið 2005 og hefur ekki verið endurskoðuð.
- Skólanámskráin er til á rituðu formi og öllum aðgengileg sem málið varðar. Hún er í samræmi við opinbera uppeldisstefnu leikskólans, en áherslubreytingar hafa verið vegna fjölda þróunarverkefna á síðustu 5 árum. Því er ekki hægt að styðjast við hana að fullu.
- Allt starfsfólk kom að gerð skólanámskrár á sínum tíma.

<sup>48</sup> Viðtal við starfsmenn, 24.október 2010.

<sup>49</sup> Aðalnámskrá leikskóla 1999, bls. 33.

<sup>50</sup> Aðalnámskrá leikskóla 1999.

<sup>51</sup> Viðtal við skólastjórnendur, 24.október 2010.

- Kópavogsbær gefur út samræmda skólastefnu fyrir alla leikskóla sveitarfélagsins.
- Kópavogsbær gefur út árganganámskrár fyrir alla leikskóla sveitarfélagsins. Álfaheiði vinnur eftir henni í dag. Úttektaraðilar velta því fyrir sér hvort þetta hafi hægt á endurskoðun á skólanámskrá leikskólans.
- Álfaheiði byggir á menntastefnunni *Lífsmennt*.
- Sérstaða Álfaheiðar eru þau fjölmörgu þróunarverkefni sem skólinn hefur innleitt.
- Samstarf er á milli leik- og grunnskóla.

#### 4. Námssvið og námsþættir aðalnámskrár

*Námssvið leikskóla eru áhersluþættir í leikskólauppeldi. Þau eru hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag.*<sup>52</sup>

Að mati deildarstjóra og starfsmanna fer fagleg og ígrunduð umræða um mikilvægi náms- og þroskapátta fram á leikskólanum en þar sem fagfundir hafi verið með öllu skornir niður þá vanti dýptina í umræðuna og tími sé ekki nægur.<sup>53</sup>

#### Hreyfing

*Í leikskóla ber því að leggja áherslu á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi*<sup>54</sup>.

Í leikskólanum er hreyfiþörf barnanna virt og örvuð t.d. í útiveru á hverjum degi.<sup>55</sup> Hreyfing fer fram innandyrna sem og utan. Skipulagðar hreyfistundir voru utandyra allt skólaárið en á vorönn var einnig boðið upp á dans fyrir öll börn og jóga fyrir fjögurra og fimm ára börn. Skemmtanir eru einu sinni í mánuði en þá sameinast hópurinn í dans og söng. Vikulega er farið í 1-2 klst. gönguferðir um nágrenni leikskólans þ.a.m á skógarsvæði í Kópavogsdal.

#### Málrækt

*...því ber að leggja áherslu á málrækt: í samtölum, með krefjandi spurningum, með því að lesa fyrir barnið, segja því sögur og kenna því kvæði og þulur. Einnig skal hvetja barn til að spyrja, segja frá og hlusta með athygli.*<sup>56</sup>

Málrækt fléttast inn í flesta þætti leikskólastarfsins. Lögð er áhersla á að börnin hlusti á gott mál og vandað sé til vals á bókum. Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur og eru allar deildir með skemmtiatriði í tilefni dagsins.<sup>57</sup> Lögð er áhersla á að börnum gefist kostur á að tjá hugsanir sínar, færa rök fyrir máli sínu og leysa ágreiningsmál. Ýmsar leiðir eru farnar til að efla málrækt, s.s. daglegur lestur, notkun á Hljóm 2 en það kannar hljóðkerfisvitun barna, sögugrunnur, ritmál er sýnilegt og bækur fyrir elstu börnin „þau lesa léttar bækur ef þau vilja, hvati fyrir þau“<sup>58</sup>. Stuðst er

<sup>52</sup> Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 19.

<sup>53</sup> Viðtal við deildarstjóra, kennara og starfsmenn, 24.október 2010.

<sup>54</sup> Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 19.

<sup>55</sup> Sótt á heimasíðu leikskólans, 21.nóvember 2010.

<sup>56</sup> Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 20.

<sup>57</sup> Sótt á heimasíðu leikskólans, 21.nóvember 2010.

<sup>58</sup> Viðtal við deildarstjóra, 24.október 2010.

við bandaríska kennslukerfið *Bassa* en það var til að efla málfarslegan, tilfinningalegan og vitrænan þroska barna í gegnum leik. Notaðar eru handbrúður, myndir og allskyns fylgihlutir.<sup>59</sup>

## Myndsköpun

*Leikskóla ber að sjá börnum fyrir fjölbreyttum efnivið til myndsköpunar og leiðbeina og örva til sjálfstæðra verka*<sup>60</sup>.

Í leikskólanum er lögð áhersla á að börnin fái að tjá sig frjálst í myndsköpun og að sköpunargleðin njóti sín. Stuðst er við mismunandi efnisvið, t.d. úr náttúrunni og endurnýttan pappír.<sup>61</sup> Verðlaus efniviður er einnig nýttur og lögð er áhersla á að hugmyndaflug barnanna fái notið sín.

## Tónlist

*Leggja ber áherslu á að öll börn í leikskóla fái ríkuleg tækifæri til að njóta tónlistar og iðka hana.*<sup>62</sup>

Tónlistaruppeldi í leikskólanum felst í söng, hlustun og hreyfingu sem fer fram bæði í skipulögðu og daglegu starfi. Sameiginlegar söngstundir eru í sal skólans hálfsmánaðarlega og einnig er mikið sungið í samverustundum á deildum alla daga vikunnar. Róleg tónlist er spiluð<sup>63</sup>. Námskeið í tónlistarkennslu hefur verið haldið fyrir börn og starfsmenn leikskólans en þar var farið í söng og hreyfileiki, raddþjálfun og raddbeitingu, hlustun og fl. Leikskólinn á safn hljófæra m.a. píanó. Í dag er einn starfsmaður í gítarnámi.

## Náttúra og umhverfi

*Barn þarf að kynnast fjölbreytileika náttúrunnar, komast í lifandi tengsl við hana og njóta hennar...Í leikskóla ber að fræða börn um náttúruna, umhverfið og verndun þess. ...Einnig er ákjósanlegt að skapa tækifæri og aðstöðu í leikskóla til tilrauna og athugana barna.*<sup>64</sup>

Í leikskólanum er stuðlað að virðingu barnanna fyrir náttúrunni og náttúruvernd og þeim er séð fyrir fjölbreyttum möguleikum á að kynnast henni, veðrinu og árstíðum í fjölbreytnileika sínum. Farið er í lengri og styttri ferðir um nágrenni leikskólans. Árlega útbúa börnin sultu sem þau gefa foreldrum sínum. Á skólalóðinni eru ræktaðar kartöflur, sólber og rifsber og þar má finna moltukassa sem í fer lífrænn úrgangur. Kennarar fara með börnin í reglulegar vettvangsferðir og tengja námsefni/þema sem verið er að fjalla um hverju sinni. Elstu deildirnar eiga sér svæði í Kópavogsdal sem heimsótt eru allan ársins hring.<sup>65</sup> Grænánaskólar þurfa að sinna reglulegu eftirliti með umhverfistarfi sínu og áhersla er lögð á að setja sér ákveðin markmið til umhverfisbóta til tveggja ára í senn.

<sup>59</sup> Skólanámskrá leikskólans, 1. desember 2005.

<sup>60</sup> Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 23.

<sup>61</sup> Skólanámskrá leikskólans, 1. desember 2005.

<sup>62</sup> Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 24.

<sup>63</sup> Skólanámskrá leikskólans, 1. desember 2005.

<sup>64</sup> Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 26-27.

<sup>65</sup> Sótt á heimasíðu leikskólans, 21. nóvember 2010.

## Menning og samfélag

*Leikskóla ber að að nýta þau menningarlegu og félagslegu tækifæri sem umhverfi hans og staðsetning gefur kost á... Ýmsa atburði líðandi stundar ber að taka til umfjöllunar á leikskólum með ýmsum hætti...Leikskólanum ber að rækta virðingu barnanna fyrir öðrum, hver sem uppruni þeirra, lífsviðhorf, tunga og trúarbrögð er... Barn í leikskóla þarf að kynna tölvu og læra að nota hana á sinn hátt... Tölvur skulu því vera til í leikskólum...<sup>66</sup>.*

Á Álfaheiði er lögð áhersla á að börnin kynnist nærsamfélagi sínu og ýmsum þáttum varðandi sögu, fortíð og menningu samfélagsins. Börnunum eru kenndar gamlar þulur og kvæði. Í leikskólanum hafa með tímanum myndast ákveðnar hefðir og hátíðir sem er hluti af menningu skólans.<sup>67</sup> Eins og áður er komið fram styrkir leikskólinn 11 ára dreng frá Argentínu í gegnum samstarf við SOS. Leikskólinn hefur haldið haldið upp á Evrópska tungumáladaginn og þjóðfánar þeirra barna sem eru af erlendum uppruna á leikskólanum eru uppi á vegg. Börnum leikskólans fögurra ára og eldri hefur verið kennd skák og var haldið skákmót fyrir elstu börnin. Tölvur og tölvutengingar eru ekki inni á deildum leikskólans.

## Mat höfunda

- Að mati úttektaraðila uppfyllir Álfaheiði flestar kröfur aðalnámskrár um námsþætti (hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag). Tölvur og tölvutengingar eru ekki inn á deildum.

## 5. Dagskipulag og innra starf á leikskólanum

*Í dagskipulagi leikskólans þarf að ríkja jafnvægi á milli mismunandi þátta, á milli frjálsra og skipulagðra leikja, innileikja og útileikja, á milli félagslegra samskipta og einstaklingsverkefna og á milli hvíldar og þátttöku í leik og starfi. Skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefa leikskólansfestu og tryggja hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs.<sup>68</sup>*

Dagskipulagið er auglýst á hverri deild og kynnt nánar á foreldrafundi að hausti. Leikskólinn fylgir ákveðnu dagskipulagi sem þó er sveigjanlegt og tekur tillit til þroska og aldurs barnanna og er sniðið að þeirra þörfum. Á leikskólanum er dagskipulagið í myndrænu formi uppi á veggjum á hverri deild. Leikskólinn er opinn frá kl. 7.30 árdegis til kl. 16.30. Opnunartími leikskólans fer eftir óskum foreldra og helst sá tími út skólaárið frá 1. september<sup>69</sup>. Að mati skólastjórnenda á dagskipulagið ekki að vera of fast í hendi, það er beinagrind og síðan er sveigjanleiki<sup>70</sup>. Lögð er áhersla á daglegar athafnir s.s að koma og fara, að klæða sig úr og í, matartíma og borðhald, hreinlæti, svefn og hvíld auk frjálsa leiksins, lífsmenntastundir og valstundir og hvernig þessar stundir eru nýttar til að örva nám og efla þroskaþætti barnanna.

<sup>66</sup> Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 27-29.

<sup>67</sup> Sótt á heimasíðu leikskólans, 21.nóvember 2010.

<sup>68</sup> Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 17.

<sup>69</sup> Gögn frá leikskólastjóra 14.desember 2010.

<sup>70</sup> Viðtal við skólastjórnendur, 24.október 2010.

## 5.1 Hópatímar/lífsmenntastund

*Barn þarf að læra að leika sér og starfa í hópi sem það tilheyrir. Í hópleikjum öðlast barn skilning á gildi samvinnu og þroskar með sér samkennd og ábyrgðartilfinningu<sup>71</sup>.*

Á Álfaheiði kallast skipulagðir hópatímar lífsmenntastundir, börnunum er skipt í hópa eftir aldri og þroska og unnið er út frá námsefni Lífsmenntar. Samræmi er milli deilda hvaða gildi er unnið með hverju sinni og bókin Lífsmennt sem stefnan er byggð á er notuð á öllum deildum, en framkvæmdin er misjöfn eftir aldri, áhugahvöt, virkni og fjölda barnanna. Sami hópstjóri fylgir börnunum eftir í lífsmenntastundum. Elstu börnin fá að velja einu sinni í viku hvort þau fara fyrir eða eftir hádegi í lífsmenntastund en þá er tilfallandi með hvaða börnum þau lenda í hóp þann daginn. Ástæðan fyrir þessu valfyrirkomulagi er lýðræði barna. Markmið hópstarfsins er að börnin læri að vinna saman í hóp að sameiginlegu markmiði og að auka samskiptahæfni og vináttu<sup>72</sup>.

## 5.2 Valtímar / Frjáls leikur

*Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barns.<sup>73</sup>*

Leikurinn er hornsteinn skólustarfsins og fellur frjálsi leikurinn undir valið að sögn leikskólastjóra. Börnunum stendur til boða mörg mismunandi verkefni á sama tíma og þeim gefst kostur á að velja og hafna og bera um leið ábyrgð á vali sínu. *Með vali reynum við að nýta húsnæðið betur, við höfum ekki skráð val barnanna og mættum gera meira af því<sup>74</sup>* Að mati deildarstjóra hafa deildirnar ákveðið frelsi þegar kemur að því að skipuleggja valið og fer það þá eftir samsetningu deildanna. Börnin fá þjálfun í að bera ábyrgð á vali sínu og taka saman leikefnið eftir valið.<sup>75</sup>

## 5.3 Leikefni og efniviður

*Börn þurfa vandaðan og fjölbreyttan leikfangakost og margvíslegan efnivið til skapandi starfa.<sup>76</sup>*

Leikskólinn leggur áherslu á að hafa efnivið og leikefni eins náttúrulegan og hægt er og kaupir m.a. sérsmíðað leikefni frá Ásgarði. Efniviður og leikefni er endurnýtt og verðlaust efni notað. *“Við reynum að láta hluti deyja út. Erum bæði með opinn og lokaðan efnivið en stefnum á að vera opinn efnivið<sup>77</sup>”* Foreldrar voru að flestu leyti sáttir við það leikefni og efnivið sem leikskólinn býður upp á, aðallega var rætt um að það mætti fjölga leiktækjum úti fyrir yngstu börnin<sup>78</sup>. Að mati starfsmanna leikskólans er vilji til að færa sig í meira mæli yfir í opna efniviðinn og minnka þar með vægi hlutbundins leikefnis<sup>79</sup>.

<sup>71</sup> Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 14.

<sup>72</sup> Gögn frá leikskólastjóra 15. desember 2010.

<sup>73</sup> Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 11.

<sup>74</sup> Viðtal við skólustjórnaendur, 24. október 2010.

<sup>75</sup> Ársskýrsla leikskólans Álfaheiði, 2009-2010, bls. 4.

<sup>76</sup> Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 13.

<sup>77</sup> Viðtal við skólustjórnaendur, 24. október 2010.

<sup>78</sup> Rýnihópur foreldra, 24. október 2010.

<sup>79</sup> Viðtal við kennara og starfsmenn 24. október 2010.

## 5.4 Mat úttektaraðila

- Jafnvægi ríkir milli mismunandi þátta í dagskipulagi leikskólastarfsins. Skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefa leikskólastarfinu festu og tryggir hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs.
- Á Álfaheiði kallast skipulagðir hópatímar lífsmenntastundir og tengjast námsefninu.
- Skráning á vali er mismunandi og fer eftir deildum. Lagfæra má og samræma þennan þátt.
- Álfaheiði leggur áherslu á að hafa efnivið og leikefni eins náttúrulegan og hægt er. Notast er við opinn og lokaðan efnivið en markmiðið er að færa sig meira yfir í opinn efnivið í framtíðinni og reyna að láta hluti ganga úr sér.

## 6. Innra mat

*Í reglugerð um starfsemi leikskóla segir að sérhver leikskóli skuli móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti bæði innan leikskólans og utan<sup>80</sup>.*

### 6.1. Fyrirkomulag og framkvæmd

Leikskólinn vinnur áætlun fyrir væntanlegt leikskólaár og ársskýrslu vegna liðins árs. Ársáætlun er kynnt foreldrum á heimasíðu leikskólans að hausti. Í leikskólanum er starfandi lífsmenntaráð, sem metur ýmsa þætti í tengslum við stefnu skólans. Á skipulagsdegi starfsmanna eru þessir þættir ræddir. Settar eru fram fjórar spurningar og starfsmönnum skipt niður í hópa og rædd t.d. viðhorf og hvað megi betur fara.

Í leikskólanum eru ýmsar aðferðir notaðar við að meta starfið:

1. **Ecers kvarðinn** er notaður til þess að meta starfið í heild. Hann er lagður fyrir annað hvert ár og tekur til allra þátta í leikskólastarfinu. Að mati stjórnenda eru niðurstöður úr Ecers kvarðanum vel nýttar til að efla starfið<sup>81</sup>.
2. **Sjálfsmat.** Leikskólakennarar meta starf sitt með ákveðnum sjálfsmatslistum. Hann er grunnur að starfsmannasamtali við leikskólastjóra. Starfsmenn skila þessu fyrir viðtalið og fá eina viku í undirbúning.
3. **Mat foreldra.** Könnunin er framkvæmd af Kópavogsbæ annað hvert ár. Niðurstöður eru kynntar á heimasíðu leikskólans. Í júní 2009 var framkvæmd foreldrakönnun. Helstu niðurstöður voru þær að almennt eru foreldrar ánægðir með leikskólann.
4. **Mat á stjórnun.** Mat á stjórnun á að vera hluti af starfsmannakönnun sem hver leikskóli gerir annað hvert ár og eru sendar til leikskólaskrifstofu<sup>82</sup>. Ekki var unnið úr síðasta mati.<sup>83</sup>

<sup>80</sup> Lög um leikskóla 90/2008, 18. gr

<sup>81</sup> Viðtal við skólastjórnendur, 24.október 2010.

5. **Mat barna.** Raddir barna (Anna Rósa Sigurjónsdóttir). Framkvæmt var mat hjá 3 – 5 ára börnum á vináttu í janúar og fyrirhugað er að gera samskonar mat í janúar á næsta ári og bera saman niðurstöður.
6. **Mat á umhverfi.** Matslistar frá Landvernd eru yfirfarnir einu sinni til tvisvar á ári. Ekki liggur fyrir skráð umbótaáætlun.
7. **Endurmat á starfi.** Allir starfsmenn koma saman á vorin og endurmeta störfina og er það skráð. Á haustin er það rifjað upp.<sup>84</sup>

## 6.2. Umbætur á grundvelli sjálfsmats

Að mati stjórnenda eru niðurstöður úr Ecers kvarðanum vel nýttar til að efla starfið. Einnig er sjálfsmat starfsmanna nýtt til undirbúnings starfsmannasamtala, en ekki hefur verið lagt mat á starfsanda og stjórnun á síðasta ári.

## 6.3 Mat úttektaraðila

- Aðgerðaráætlun liggur fyrir í kjölfar viðhorfskönnunar meðal foreldra sem Kópavogsbær framkvæmdi.
- Ekki liggur fyrir viðhorfskönnun meðal starfsmanna né mat á stjórnun á leikskólanum.
- Niðurstöður úr Ecers kvarðanum eru almennt vel nýttar.

## 7. Mannauður

Kópavogsbær gefur út starfsmannastefnu, jafnréttisstefnu og starfsmannahandbók sem er hugsuð sem ákveðinn rammi fyrir leikskóla bæjarins að vinna eftir. Leikskólinn vinnur eftir stefnum Kópavogs.

### 7.1 Fjöldi starfsmanna, stöðugildi og menntun

Í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla kemur fram að rekstaraðili taki ákvörðun um fjölda og samsetningu starfsmannahópsins í samráði við leikskólastjóra. Skal ákvörðunin byggjast á „mati og tillögum leikskólastjóra og miðast við aldur, þarfir og fjölda barna.“<sup>85</sup>

Í leikskólanum starfa 26 starfsmann, þ.a. 11 stjórnendur, allir fagmenntaðir.

- 12 leikskólakennarar
- 1 þroskaþjálfari
- 13 ófaglærðir.

Í leikskólanum eru 22 starfsmenn sem koma að kennslu og umönnun. 54% starfsmanna eru í hlutastarfi, 7 starfsmenn sinna sérkennslu og 8 starfsmenn deildarstjórn sjá nánar í viðauka 3 og 4.

---

<sup>82</sup> Gögn frá leikskólafulltrúa, 13. desember 2010.

<sup>83</sup> Gögn frá leikskólastjóra, 14. desember 2010.

<sup>84</sup> Viðtal við deildarstjóra 24. október 2010.

<sup>85</sup> Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla 655/2009.



Að mati leikskólafulltrúa er ánægja með fjölda leikskólakennara. Leikskólasviðið hefur stutt leikskólanema frá HÍ og styrkt þá. Þeir fá 100% laun fyrir 20% vinnuframlag á lokaári. Einnig eru starfsmenn leikskóla styrktir til leikskólakennaranáms. Samningurinn hljóðar upp á að þeir vinna í tvö ár eftir að námi loknu. Lokaverkefni þeirra verður að tengjast viðkomandi leikskóla og að leikskólarnir geti nýtt sér verkefni. Álfaheiði hefur nýtt sér þetta mikið. Á leikskólaskrifstofu er fagbókasafn og lokaritgerðir eru þar, þannig geta aðrir leikskólar nýtt sér ritgerðirnar<sup>86</sup>.

## 7.2 Verkaskipting og starfslýsingar

Starfsmannahandbók leikskólans liggur fyrir. Hún er útbúin af Kópavogsbæ, en aðlöguð að nokkru leyti að leikskólanum. Mikið er um almennar reglur sem gilda fyrir aðra leikskóla í Kópavogi. Handbók leikskólastjóra liggur fyrir. Hún er samin af Kópavogsbæ. Í henni má finna upplýsingar um stjórnkerfi bæjarins, helstu stefnur, reglur og skyldur starfsmanna, starfsmannamál, fjármál, aðra leikskóla, lög og reglugerðir, húsnæðismál ofl.<sup>87</sup>

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla og ber ábyrgð á uppeldisstarfinu og rekstri leikskólans. Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra að honum fjarverandi og er honum til ráðuneytis um tilhögun innan leikskólans. Hann er í 20 % stjórnunarstarfi og ekki með deildarstjórn, heldur fer á milli deilda. Deildarstjóri ber ábyrgð á uppeldisstarfinu og barnahópnum á sinni deild. Hann ber einnig ábyrgð á foreldrasamstarfi á deildinni. Leikskólakennarar og leiðbeinendur vinna í samstarfi við deildarstjóra að uppeldisstarfinu á deildinni. Sérkennslustjóri hefur yfirumsjón með sérkennslu í leikskólanum. Matráður og starfsfólk í eldhúsi sér um matartilbúning og þvotta. Ræstitæknar sjá um þrif.

Í starfsmannahandbók Álfaheiðar er kveðið á um ákveðna verkaskiptingu. Allir starfsmenn leikskólans vinna samkvæmt sérstakri starfslýsingu frá launanefnd sveitarfélaga og Félagi leikskólakennara<sup>88</sup>. Leiðbeinendur vinna eftir starfslýsingu kennara og því eru miklar kröfur gerðar til þeirra, þeir fá hinsvegar ekki undirbúningstíma eins og almennir leikskólakennar.<sup>89</sup> Að mati kennara og starfsmanna er skýr verkaskipting í leikskólanum og er hún sýnileg<sup>90</sup>. Ekki liggur fyrir skipurit leikskólans, en verkaskiptingu má sjá í starfslýsingum starfsmanna. Á tveimur deildum eru tveir deildarstjórar<sup>91</sup> og að mati stjórnenda hefur það gengið ágætlega, það hafi sína kosti og galla, t.d. komast báðir deildarstjórnarnir ekki á alla fundi sem

<sup>86</sup> Viðtal við formann leikskólaneftndar Kópavogs, 24.október 2010.

<sup>87</sup> Handbók leikskólastjóra í Kópavogi.

<sup>88</sup> Starfsmannahandbók Álfaheiði, bls. 33.

<sup>89</sup> Viðtal við skólastjórnendur, 24.október 2010.

<sup>90</sup> Viðtal við kennara og starfsmenn 24.október 2010.

<sup>91</sup> Sótt af heimasíðu Álfaheiðar 7.desember 2010.

eru boðaðir. Að mati leikskólastjóra þá hefur skapast hefð í leikskólanum fyrir stöðum deildarstjóra<sup>92</sup>.

### 7.3 Starfsþjálfun og símenntun

Leikskólinn vinnur eftir endurmenntunarstefnu Kópavogs. Nokkur sveitarfélag eru í samvinnu um námskeiðsáætlun fyrir starfsmenn leikskóla<sup>93</sup>. Ekki fer fram formleg greining fræðsluparfa meðal starfsmanna, heldur er boðið upp á almenn námskeið sem tengjast leikskólastarfinu. Að auki er starfsmönnum boðið upp á að koma með tillögur að námskeiðum og fyrirlestrum sem þeir vilja sækja í starfsmannasamtölum. Leikskólinn á bækur, bæklinga og greinar sem tengjast samskiptum og mannþækt og geta starfsmenn fengið þær að láni. Allir starfsmenn eiga bókina um Lífsmennt og hafa lesið hana og tileinkað sér aðferðafræðina<sup>94</sup>.

Ekki liggur fyrir skrifleg símenntunaráætlun í leikskólanum. Ný þróunarverkefni eru tekin markvisst inn og sótt í fræðslu sem tengist henni. Hver starfsmaður fer a.m.k. á eitt námskeið á ári. Stjórnendur sækja námskeið hjá Kópavogsbæ og aðra fræðslu sem þeir óska eftir<sup>95</sup>. Á starfsdegi segja starfsmenn frá námskeiðum sem þeir hafa sótt.

### 7.4 Fundir og boðskipti

Í starfsmannahandbók leikskólans kemur fram stefna í upplýsingamiðlun. Tölvupóstur er notaður til að koma upplýsingum á framfæri bæði við starfsmenn og foreldra og á heimasíðu leikskólans eru fréttir og helstu upplýsingar um hann. Upplýsingatöflur eru í fataherbergjum á deildum og á hana skrifar starfsfólk upplýsingar til foreldra. Á starfsmannagangi eru upplýsingatöflur og upplýsingar frá stéttarfélagum starfsmanna og leikskólakennara<sup>96</sup>.

Eftirfarandi fundir eru haldnir í leikskólanum:

- **Morgunmiðlun** er klukkan níu fjóra daga vikunnar þar sem leikskólastjóri og einn fulltrúi frá hverri deild koma upplýsingum á framfæri sem skráðar eru í dagbækur.
- **Bókunarfundir / deildarstjórafundir** eru haldnir einu sinni í viku, hlutverk þessara funda er m.a. að bóka fram í tímann í dagbækur deilda, samræma uppeldisstarfið milli deilda og húsnæðismál. Einnig er fjallað um stefnu og námskrá<sup>97</sup>.
- **Starfsmannafundur:** Haldinn er einn starfsmannafundur á ári, en þeir voru fimm áður. Þeim hefur fækkað vegna sparnaðar í rekstri.

<sup>92</sup> Viðtal við skólastjórnendur, 24.október 2010.

<sup>93</sup> Gögn frá leikskólafulltrúa, 13.desember 2010.

<sup>94</sup> Starfsmannahandbók Álfheiði, bls. 19.

<sup>95</sup> Viðtal við deildarstjóra, kennara og starfsmenn, 24.október 2010.

<sup>96</sup> Starfsmannahandbók Álfheiði, bls.19.

<sup>97</sup> Gögn frá leikskólastjóra, 14.desember 2010.

- **Fagfundir** eru ekki haldnir lengur, en þeir voru haldnir að lágmarki fjórum sinnum á ári. Á fagfundum fór fram fagleg umræða og skipulagning. Allir uppeldismenntaðir starfsmenn og leikskólastjóri sátu fundina. Leikskólastjórar hafa hingað til getað valið að fækka starfsmannafundum og halda frekar fagfundi með kennurum leikskólans, en nú hafa þeir verið lagðir af vegna sparnaðar í rekstri.
- **Deildarfundir** eru haldnir m.a. skipulagsdögum og eftir þörfum. Hann sitja allir leikskólakennarar á viðkomandi deild, auk leikskólastjóra og sérkennara. Á fundunum er fjallað um skipulag, samræmingu á starfsaðferðum, málefni einstakra barna og samstarf. Að mati deildarstjóra mættu deildarfundir vera fleiri<sup>98</sup>.
- **Skipulagsdagar:** Haldnir eru fimm skipulagsdagar á ári.
- **Fundir skólastjórnenda:** Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri funda reglulega og ræða m.a. skipulag og stjórnun leikskólans.

Að mati stjórnenda og starfsmanna eru ekki nægilega margir fundir, fagfundir og deildarfundir og það bitnar á fagstarfinu.<sup>99</sup> *“Deildarstjórafundirnir eru bara bókunarfundir einu sinni í viku, viljum breyta þessu og hafa einn af þessum fundum í mánuði deildarstjórafundir”*<sup>100</sup>. Fundargerðir í leikskólanum liggja fyrir og eru öllum aðgengilegar.

## 7.5 Jafnrétti meðal starfsmanna

Jafnréttisáætlun Kópavogsbæjar liggur fyrir en ekki sértæk áætlun né aðgerðaráætlun fyrir leikskólann Álfaheiði. Markmið jafnréttisstefnu leikskóla Kópavogs er að stuðla að jafnrétti á sem víðtækustum grunni í leikskólum Kópavogs. Jafnréttisstefnan nær til námskrár leikskóla Kópavogs, starfsmannastefnu og samvinnu við foreldra. Jafnréttisstefnan tekur til þriggja þátta, barna, foreldra og starfsmanna.<sup>101</sup> Að mati skólastjórnenda má skólinn gera betur í jafnréttismálum, t.d. starfa einungis konur við leikskólann og kennarar tala oftar við mæður. Ef eitthvað bjátar á er tölvupóstur sendur báðum foreldrum. Ýmislegt hefur áunnist í þessum efnum t.d. eru báðir foreldrar hvattir til að mæta í foredraviðtöl og til þátttöku í nefndum og ráðum á vegum skólans.<sup>102</sup>

## 7.6 Samskipti milli starfsmanna

Einu sinni á ári er formlegt starfsmannaviðtal þar sem leikskólastjóri ræðir einslega við hvern starfsmann. Starfsmannasamtal við nýjan starfsmann fer fram innan þriggja mánaða frá því að hann hefur störf. Í starfsmannasamtalinu er m.a. farið yfir ánægju í

<sup>98</sup> Viðtal við deildarstjóra, 24.október 2010.

<sup>99</sup> Viðtal við skólastjórnendur og starfsmanna, 24. október 2010.

<sup>100</sup> Viðtal við deildarstjóra, 24.október 2010.

<sup>101</sup> Jafnréttisstefna leikskóla Kópavogs.

<sup>102</sup> Viðtal við skólastjórnendur, 24.október 2010.

starfi, samskipti, vinnuáðstæður, stjórnun, starfslýsingu, verkefni, tillögur að persónulegum þroska. Starfsmenn eru beðnir um að setja sér markmið fyrir næsta ár í starfsmannasamtalinu.<sup>103</sup> Deildarstjórar ræða við starfsfólk sinna deilda þegar þurfa þykir. Leikskólastjóri fer í starfsmannviðtal til leikskólafulltrúa og er matslisti um stjórnun m.a. notaður sem grunnur að því viðtali.<sup>104</sup>

Ýmsar hefðir hafa skapast í leikskólanum, t.d. eru starfsmenn heiðraðir þegar þeir hafa unnið í meira en fimm ár. Starfsmenn sem hætta í leikskólanum fá kveðjugjöf. Að mati kennara og starfsmanna er mjög gott aðgengi að stjórnendum og samskipti starfsmanna tengjast mjög vel Lífsmenntarstefnu leikskólans.<sup>105</sup>

Einkunnarorð skólans eru: Deilum gildum okkar til að skapa betri heim. Árangur, jákvæð samskipti og gæði eru lykilþættir í starfsemi. Starfsmenn þurfa að hafa að leiðarljósi í samstarfi við vinnufélaga að stuðla að góðum starfsanda, vinna eftir fyrirfram ákveðnum markmiðum, sýna samstarfsmönnum og öðrum virðingu, taka ekki undir slæmt umtal, vera samvinnuþýður og sýna sveigjanleika í starfi. Einnig er lögð áhersla á að taka leiðbeiningum vel, virða mannauð og skoðanir starfsmanna, koma eigin mannauði og skoðunum á framfæri, vera hreinskilin við samstarfsmenn og gefa skýr skilaboð, vera stundvís og reglusamur, virða þagnarheit, sýna ábyrgð í starfi og búa yfir samskiptahæfni og skipulagshæfileikum.<sup>106</sup>

## 7.7 Móttaka nýrra starfsmanna

Móttökuáætlun vegna nýrra starfsmanna liggur fyrir<sup>107</sup>. Starfsmannavelta er ekki mikil, en einn starfsmaður var ráðinn í fyrra. Leikskólastjóri tekur á móti öllu nýju starfsfólki. Leikskólastjóri og deildarstjóri viðkomandi deilda taka nýjan starfsmann í ráðningarviðtal í byrjun. Leikskólastjóri fer yfir stefnu leikskólans en deildarstjóri fer yfir deildarstarfið og leiðbeinir nýjum starfsmanna á deildinni.<sup>108</sup> Að mati kennara og starfsmanna fá nýir starfsmenn mjög góða aðlögun og móttöku. Viðmót stjórnenda sé mjög gott og allir leggi sig fram við að hafa andrúmsloftið þægilegt og jákvætt<sup>109</sup>.

## 7.8 Mat úttektaraðila

- Að Kópavogsbær gefi leikskólum sveitarfélagsins leiðarljós í stefnumótun leikskólamála er mikill styrkleiki fyrir skólann. Ákveðin áhætta er hins vegar fólgin í miðstýringu á stefnu og leiðbeiningum.
- Stjórnendahópurinn er of stór, en 11 stjórnendur starfa við leikskólann, eða 42% af starfsmannahópnum. Allir stjórnendur eru í meira en 80% starfshlutfalli við leikskólann, en fjórir eru bara í 50% deildarstjórastöðu og

<sup>103</sup> Undirbúningsblað starfsmanna fyrir starfsmannasamtal.

<sup>104</sup> Starfsmannahandbók Álfaheiði, bls. 21.

<sup>105</sup> Viðtal við kennara og starfsmenn 24. október 2010.

<sup>106</sup> Ársskýrsla leikskólan Álfaheiði 2009-2010, bls 5.

<sup>107</sup> Móttökuáætlun leikskólans

<sup>108</sup> Gögn frá leikskólastjóra, 14. desember 2010.

<sup>109</sup> Viðtal við kennara og starfsmenn, 24. október 2010.

sérkennslu á móti, en margir þeirra sinna sérkennslu samhliða deildarstjórastarfinu. Stjórnendur komast ekki allir á sama tíma á fundi og þeir hafa ekki nægjanlega skýra stjórnendaábyrgð að mati úttektaðila. Lagt er til að stjórnendaábyrgð verði endurskilgreind til að auka skilvirkni í stjórnun og sérkennslu.

- Það er styrkleiki Álfaheiðar að taka á móti kennaranemum frá HÍ, það hefur skapað góðan skólabrag og ýtt undir nýjungar í starfi.
- Starfsmannahandbók leikskólans liggur fyrir. Hún er ekki nægjanlega sniðin að þörfum leikskólans. Í henni eru mikið um almennar reglur sem gilda fyrir aðra leikskóla Kópavogsbæjar og þar vantar frekari upplýsingar um innra starf, starfsanda og leikskólabrag Álfaheiðar.
- Kópavogsbær og fleiri nágrannasveitarfélög gefa út samræmda sí- og endurmenntunaráætlun fyrir starfsmenn leikskóla. Ekki liggur fyrir símenntunaráætlun í leikskólanum. Ekki eru skoðaðar nægjanlega markvisst þarfir fyrir fræðslu meðal starfsmanna út frá þörfum leikskólans og stefnu sveitarfélagsins. Starfsmenn sækja sér eitt námskeið á ári sem þeir óska eftir.
- Almenn upplýsingamiðlun er ágæt innan leikskólans, en einn starfsmaður af hverri deild hittir leikskólastjóra á hverjum morgni þar sem farið er yfir skipulag dagsins.
- Fagfundir hafa verið lagðir af vegna sparnaðar sveitarfélagsins. Starfsmannafundum hefur verið fækkað úr fimm í einn á ári. Slíkt getur bitnað á fagstarfi og þróun leikskólans.
- Endurskoða þarf deildarstjórafundi / bókunarfundir og mætti m.a. auka hlutdeild fagumræðu á þeim, sjá tilvitnun 100 í kafla 7.4 (fundir og boðskipti).
- Mikilvægt er að gert sé ráð fyrir deildarfundum í skipulaginu, en ekki einungis eftir þörfum. Það viðhorf kom fram í rýnihópum starfsmanna.
- Leikskólastjóri tekur starfsmannasamtöl við allt starfsfólk Álfaheiðar. Úttektaðilar hvetja leikskólann að dreifa ábyrgðinni og færa samtölin neðar í skipuritið og auka ábyrgð millistjórnenda í stjórnun.
- Móttökuáætlun vegna nýrra starfsmanna liggur fyrir. Ekki mikil starfsmannavelta er í leikskólanum. Allir nýir starfsmenn fá afhenta bókina *Lífsmennt* og kynna sér hugmyndafræðina.

## 8. Börn

Alls eru 84 börn á leikskólanum, þ.a. 1 barn sem dvelur 4-5 klst, 9 sem dvelja 5-6 klst. og 74 sem dvelja 7-10 klst.

### 8.1 Líðan

Að mati stjórnenda er starfsfólk vakandi yfir líðan barna á leikskólanum m.a. með notkun á námsefni Lífsmenntar. Í námsefninu er markmiðið að örva jákvæða sjálfsmynd nemenda, siðvit og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Ef grunur vaknar um frávik á hegðun og líðan barns kemur sérkennslustjóri að ferlinu, foreldri og/eða

Félagsþjónusta, allt eftir eðli mála<sup>110</sup>. “*Sérkennslustjóri heldur utan um þetta og er allt ferlið skráð, ef það er grunur þá fer ferlið af stað*”.<sup>111</sup> Að mati skólastjórnenda er lögð áhersla á að hlusta börnin og vera vakandi yfir líðan þeirra. Stjórnendur eru mjög sáttir við þá stoðþjónustu sem Kópavogsbær býður leikskólanum, en hann hefur aðgang að sálfræðingi, talmeinafræðingi og iðjuþjálfara.<sup>112</sup> Að mati nemenda sem rætt var við í rýnihópi líður þeim vel í leikskólanum.<sup>113</sup> Úttektaraðilar tóku eftir að börnin notuðu orð úr stefnu leikskólans (Lífsmennt) og (Blátt áfram).

## 8.2 Lýðræði

Möguleikar barna til að hafa áhrif á það sem fer fram í leikskólanum eru nokkuð miklir að mati stjórnenda, sérstaklega hjá elstu börnunum. Elstu börnin ásamt 3ja og 4ra ára börnunum tóku þátt í undirbúningi 20 ára afmælis skólans, útbjuggu boðskort, ákváðu matseðil dagsins og skemmtiatriði. Einnig taka þau þátt í afmæli Lucasar ár hvert, velja gjöf og baka fyrir foreldra. Öll elstu börnin eru í umhverfisráði leikskólans og taka þannig virkan þátt í Grænánaverkefninu. Börnin eru einnig þátttakendur í öryggismálum. Þau ganga um húsið og kanna öryggismálin og fylgja bókinni um Loga og Glóð, markmið þeirra er “að hjálpa slökkviliðinu”. Börnin velja lög í söngstund og hafa ákveðin áhrif þegar kemur að vali, t.d. velja milli svæða þegar þau fara í gönguferðir ofl.<sup>114</sup> Á heimasíðu leikskólans kemur fram að börnin séu að æfa sig í að kjósa og ráða hvað þau gera á leikskólanum<sup>115</sup>.

Nýlega var farið að vinna skv. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Kennarar hafa mikinn áhuga á að vinna nánar með lýðræði barnanna. Að mati þeirra hafa börnin áhrif á deildunum og kennarar reyna að virkja þau, t.d. vegna afmælis Lucasar, afmæli skólans og þeirra eigin afmælis<sup>116</sup>. Að mati starfsmanna eru ekki gerðar formlegar kannanir á lýðræði barna, því vanti mælingar á þessum þætti og áhugavert væri að þróa mat á lýðræði<sup>117</sup>. Börnin segjast fá að ráða ýmsu, t.d. í hjálparstarfi, í undirbúningi fyrir afmæli Lucasar, afmæli leikskólans, í söngstund og í sínu afmæli. Einnig telja þau að þau megi ráða því sem þau leika sér með í vali. Þau segjast ekki búa til reglunar í leikskólanum. Þau voru spurð út í hvað þau væru að gera í leikskólanum og nefndu þau „leika, borða ávexti, hvíla sig, dansa, fara í leikfimi, útiveru, morgunstund þar segjum við hvaða dagur er í dag og förum yfir íhugunaratriði s.s. frið og ró”. Úttektaraðilar spurði hvað það væri og þau svöruðu „*það er eitthvað sem er inni hjartanu*”. Í fyrirlestri Önnu Rósu Sigurjónsdóttur á skipulagsdegi leikskólans 10.september sl. var fjallað um könnun hennar á vináttu,

<sup>110</sup> Viðtal við skólastjórnendur, 24.október 2010.

<sup>111</sup> Viðtal við deildarstjóra, 24.október 2010.

<sup>112</sup> Viðtal við stjórnendur, 24.október 2010.

<sup>113</sup> Rýnihópur nemenda, 24.október 2010.

<sup>114</sup> Viðtal við skólastjórnendur, 24.október 2010.

<sup>115</sup> Sótt af heimasíðu leikskólans 7.desember 2010.

<sup>116</sup> Viðtal við kennara, 24.október 2010.

<sup>117</sup> Viðtal við starfsmenn, 24.október 2010.

verkefnið kallaðist Raddir barna. Lagðar voru fyrir fimm spurningar fyrir þriggja til fimm ára börn um vináttuna og hverju þau fái að ráða í leikskólanum. Þar kemur m.a. fram „Ráða að leika mér, ef maður er aleinn þá vill maður ekki vera aleinn þá má maður koma hingað og ráða.“ Einnig voru þau beðin um túlkun sína á friði, „Hvað er friður?“ „Það er þegar maður fær að vera einn á klósettinu“<sup>118</sup>.

### 8.3 Jafnrétti

Jafnréttisstefna leikskóla Kópavogs liggur fyrir og í henni er tekið á þáttum er snýr er að börnum og námi. Að mati skólastjórnenda er unnið eftir jafnréttisstefnu Kópavogsbæjar en ekki liggur fyrir skrifleg aðgerðaráætlun í leikskólanum út frá sérstöðu þeirra. Leikskólinn vinnur eftir Lífsmennt og lítur á hvern einstakling sem einstakan og virðir þarfir hans og getu. Dæmi um slíkt er að í samverustundum er egg látið ganga á milli barnanna og börnin velja lög, þetta er gert til þess að börn sem eru með lítinn málþroska tjái sig líka. „Við þurfum að setja upp jafnréttisgleraugun, lítum á getu barnanna og viðurkennum að hvert barn er einstakt.“<sup>119</sup>

Ekki liggur fyrir sér móttökuáætlun vegna barna af erlendum uppruna í leikskólanum en stuðst er við móttökuáætlun frá Reykjavík en markmiðið þar er að taka á móti hverju barni með tilliti til þarfa þess og þroska. Mannauður í leikskólanum er nýttur og Kópavogsbær býður upp á túlkajónustu. „Við erum með góðan sérkennslustjóra og hún er mjög næm á þarfir barna t.d. barna með annað tungumál“.<sup>120</sup>

Börnum er kynnt fjölmennningarlegt samfélag í tengslum við Lucasar verkefnið. Einnig hefur verið haldið upp á ýmsa daga, s.s. *Dag vatnsins*, *Dag íslenskrar tungu* ofl. Að mati skólastjórnenda mætti gera meira af þessu. Í leikskólanum eru fimm börn af erlendum uppruna, þ.a. eitt með báða foreldra erlenda<sup>121</sup>.

### 8.4 Samskipti barna og fullorðna

Ýmsar aðferðir eru notaðar í samskiptum barna og fullorðna. Helsta leiðin er í tengslum við *Lífsmennt*. Einnig er verið að aðlaga aðrar leiðir að skólastarfinu, s.s. *Blátt áfram*, sjá kafla 3.4. Markvisst er unnið með gildin og starfsmenn leggja sig fram við að hlusta á börnin, ýta undir kærleiksrík samskipti. Mat á samskiptum barna og fullorðna liggur fyrir í Ecers kvarðanum. Einingakubbarnir eru notaðir til að greina samskipti barnanna og eru þau skráð. Foreldrar hafa sótt námskeið um *Lífsmennt* og stjórn foreldrafélagsins og foreldraráði var boðið á námskeiðið Verndarar barna. Kennarar hafa mikinn áhuga á að auka skráningu um samskiptin<sup>122</sup>.

<sup>118</sup> Fyrirlestur Önnu Rósu Sigurjónsdóttur, Raddir barnanna.

<sup>119</sup> Viðtal við skólastjórnendur, 24.október 2010.

<sup>120</sup> Viðtal við skólastjórnendur, 24.október 2010.

<sup>121</sup> Viðtal við skólastjórnendur, 24.október 2010.

<sup>122</sup> Viðtal við kennara, 24.október 2010.

## 8.5 Mat úttektaraðila

- Unnið er markvisst með námsefnið *Lífsmennt*. Ef grunur vaknar um frávik á hegðun er sérkennslustjóri fenginn til að meta stöðuna og ákveða næstu skref.
- Áhersla er lögð á að börnin hafi áhrif á leikskólastarfið, t.d. í tengslum við Lucasarverkefnið, öryggismál, afmæli leikskólans o.fl.
- Nýlega var farið að vinna skv. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ekki eru gerðar formlegar kannanir á lýðræði barnanna, en áhugi er fyrir þróun á því.
- Ekki liggur fyrir móttökuáætlun vegna barna af erlendum uppruna í leikskólanum, en stuðst er við móttökuáætlun frá Reykjavík
- Það mætti kortleggja frekar jafnréttismál leikskólans og koma þeim í skýrari aðgerðir.
- Samskipti barna og fullorðinna er metinn í Ecers kvarðanum annað hvert ár.

## 9. Foreldrar

*Mikilvægt er að náið samstarf og gagnkvæmt traust skapist á milli heimilis og leikskóla.<sup>123</sup> Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.<sup>124</sup>*

### 9.1 Foreldraráð

Foreldraráð er starfandi í leikskólanum. Nýtt foreldraráð tók til starfa í vetur og hefur sett sér starfsreglur og er hlutverk þeirra að mótast, ráðið hefur m.a. lesið og kynnt sér ársskýrslu leikskólans.<sup>125</sup>

### 9.2 Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Markmið félagsins er að tryggja sem best velferð barna í leikskólanum Álfaheiði. Fulltrúi foreldra leikskólabarna í Kópavogi situr fundi leikskólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Foreldrafélagið sér um ýmsa viðburði og skemmtanir í samvinnu við leikskólann og býður upp á eitt námskeið á vetri tengt foreldrafærni.

### 9.3 Samskipti heimila og leikskólans

Að mati foreldra sem rætt var við í rýnihópi er mjög gott samstarf milli heimilis og leikskólans. Starfsfólk leikskólans var t.d. tilnefnt til foreldraverðlauna *Heimilis og skóla* fyrir verkefnið *Lífsmennt*<sup>126</sup>.

Foreldrafundir eru einu sinni til tvisvar á ári. Foreldrafundur er haldinn að hausti þar sem fyrirhugað leikskólaár er kynnt á deildum. Foreldrafélagið heldur aðalfund sinn

<sup>123</sup> Aðalnámskrá 1999, bls. 30.

<sup>124</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008, 11. gr.

<sup>125</sup> Rýnihópur foreldra, 24.október 2010.

<sup>126</sup> Rýnihópur foreldra, 24.október 2010.



sama kvöld í sal skólans. Að vori er sameiginlegur fyrirlestur um uppeldismál ýmist á vegum foreldrafélagsins eða leikskólans.

Foreldrasamtöl eru einu sinni eða tvisvar á ári og oftast ef ástæða er til. Deildarstjórar eða leikskólakennarar sjá um þessi samtöl. Tilgangur foreldrasamtala er að miðla gagnkvæmum upplýsingum um barnið.

Niðurstöðum úr viðhorfskönnunum foreldra eru birtar á heimasíðu skólans. Foreldrar töldu leikskólann stuðla að auknu aðgengi og þátttöku foreldra í mótun uppeldisstarfs á leikskólanum og tekið sé tillit til sjónarmiða foreldra. Að þeirra mati eru samskiptin og starfsandinn á leikskólanum mjög góður og þar sé þægilegt andrúmsloft. Þau eru vör við gildin sem unnið er með á leikskólanum og skilar það sér heim til barnanna. Börnin þekkja vel orðin, virðingu, frið o.s.frv. Foreldrar koma ekki mikið að ákvarðanatöku, en með nýju hlutverki foreldraráðs mun það breytast að þeirra mati. Allar fundargerðir foreldraráðs og foreldrafélags eru birtar á heimasíðunni. Foreldrar nota heimasíðu leikskólans mikið, en einnig sendir leikskólastjóri tölvupóst á foreldra. Upplýsingatafla er á hverri deild og á henni kemur fram það helsta sem fram fer yfir daginn.<sup>127</sup>

Foreldrar sem rætt var við í rýnihópi voru almennt ánægðir með leikskólann. Þau sögðu að starfsfólk væri sveigjanlegt í garð foreldra þegar verið væri að koma með börnin á morgnana og þegar þau eru að stíga upp úr veikindum. Þau kvörtuðu hinsvegar yfir því að ekki væri boðið upp á morgunmat í leikskólanum og hefðu viljað frekari umræðu um það<sup>128</sup>. Aðlögun barna fer þannig fram að foreldrar eru boðaðir á sameiginlegan kynningarfund allra foreldra þar sem farið er yfir leikskólastarfið m.a stefnu leikskólans og dagskipulag deilda. Lögð er áhersla á að sami kennari sjái um aðlögun barns og skipuleggur deildarstjóri hverjir sjá um aðlögun. Foreldrar hefðu viljað viðtal í lok aðlögunar<sup>129</sup>.

#### 9.4 Mat úttektaraðila

- Foreldraráð er starfandi í leikskólanum.
- Foreldrafélag er starfandi í leikskólanum og skipað sex manns úr öllum deildum. Þau hafa staðið fyrir ýmsum fyrirlesturum um uppeldismál á síðustu árum.
- Álfabeiði var tilnefnt til foreldraverðlauna *Heimilis og skóla* fyrir verkefnið *Lífsmennt*.
- Kópavogsbær framkvæmir reglulegar kannanir á viðhorfi foreldra til leikskólans og eru þær birtar á heimasíðu skólans.

<sup>127</sup> Rýnihópur foreldra, 24.október 2010.

<sup>128</sup> Rýnihópur foreldra, 24.október 2010.

<sup>129</sup> Rýnihópur foreldra, 24.október 2010.

## 10. Sérkennsla barna og sérfræðipjónusta sveitarfélagsins

### 10.1 Sérkennsla barna og sérþarfir barna

*Leikskólinn á að taka tillit til þarfa hvers einstaks barns svo að það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum.*<sup>130</sup>

Í leikskólanum er það talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag. Sum börn eru fötluð eða þurfa af ýmsum ástæðum sérkennslu. Markmið sérkennslunnar er að barnið geti notið leikskóladvalar sinnar<sup>131</sup>.

Sérkennslufulltrúi leikskóla heldur utan um sérkennsluna í leikskólunum og annast faglega ráðgjöf og stuðning við starfsmenn leikskóla vegna barna sem þarfnast sérkennslu. Í starfsmannahandbók leikskólans kemur fram að ef grunur leikur á að barn þarfnist sérkennslu eða sérstakrar aðstoðar, skal fylgst mjög vel með því og skrá athuganir. Í framhaldi af því eru gerðar ráðstafanir sem hægt er að gera innan ramma leikskólastarfsins.<sup>132</sup>

Í leikskólanum er starfandi sérkennslustjóri sem hefur umsjón með sérkennslunni. Alls koma 7 stjórnendur og starfsmenn að sérkennslu í leikskólanum, í 4,3 stöðugildum. Ef ástæða þykir til frekari aðgerða, er sérkennslufulltrúi sveitarfélagsins kallaður til og sérstakt eyðublað útfyllt varðandi barnið. Eyðublað vegna beiðni um sérkennslu í leikskólum Kópavogs eru í handbók leikskólastjóra<sup>133</sup>. Leikskólinn getur kallað eftir þjónustu sérfræðinga sem gera formlega athugun á þroska barns með viðurkenndu þroskaprófi eða matstæki. Slíkt mat fer fram með samþykki foreldra. Í gögnum frá leikskólanum kemur fram að leikskólinn reyni að aðlaga sig að þörfum hvers barns svo það fái notið sín og þess sé sérstaklega gætt að börn einangrist ekki frá barnahópnum og að þau njóti eðlilegra félagstengsla. Unnið er eftir vinnuaðferð skipulagðrar kennslu TEACCH með börnum sem greind eru einhverf eða eru á einhverfurófi og hafa kennarar skólans sótt námskeið í skipulagðri kennslu.

Að mati skólastjórnenda er mikið samráð við sérfræðinga Kópavogsbæjar varðandi sérfræðiaðstoðina. Starfsmenn Kópavogsbæjar fara ekki í einstök mál, heldur sinna þeir handleiðslu og ráðgjöf til leikskólans. Fastir fundir eru með leikskólanum einu sinni í mánuði. Leikskólastjóri er mjög ánægður með þetta fyrirkomulag<sup>134</sup>.

### 10.2 Eftirfylgni í framhaldi af greiningu

Að mati leikskólastjóra er mjög góð eftirfylgni í framhaldi af greiningu. Málin fara í ákveðin ferli sem sérkennslustjóri ber ábyrgð á. Sérkennslustjóri gerir einstaklingsnámskrár fyrir þau börn sem eru með viðurkennda greiningu. Hún er endurmetin reglulega. Deildarstjóri ber jafnframt ábyrgð á framkvæmd sérkennslu á

<sup>130</sup> Aðalnámskrá 1999, bls. 15.

<sup>131</sup> Sótt á heimasíðu leikskólans, 21.nóvember 2010.

<sup>132</sup> Starfsmannahandbók leikskólans.

<sup>133</sup> Starfsmannahandbók Álfaheiði, bls. 45.

<sup>134</sup> Viðtal við skólastjórnendur, 24.október 2010.

sinni deild í samráði við sérkennslustjóra. Búið er að ákveða fyrirfram hvenær áætlunin er endurmetin.<sup>135</sup>

### 10.3 Samstarf við heilsugæslu og aðra aðila í grenndarsamfélaginu

Leikskólinn er í samstarfi við ýmsa aðila, t.d. ráðgjafa- og sálfræðipjónustu, greiningaraðila, heilsugæslu, Félagsþjónustu Kópavogs, grunnskóla og aðra leikskóla. Leikskólinn er jafnframt í samvinnu við Álfhólfsskóla sem byggir á gagnkvæmum heimsóknum nemanda og kennara skólanna<sup>136</sup>. Skólinn er einnig í samstarfi við *SOS barnahjálp*, *Blátt áfram*, *Landvernd*, slökkviliðið, kirkjuna, bókasafnið og *Salinn* í Kópavogi. Börnin fara í skoðun á heilsugæslu og starfsmenn heilsugæslunnar hafa samband við leikskólann ef upp koma frávik.<sup>137</sup>

### 10.4 Mat úttektaraðila

- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann og fær hann faglegan stuðning frá sérkennslufulltrúum Kópavogsbæjar.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir börn sem eru með viðurkennda greiningu.
- Leikskólinn er í samstarfi við ýmsa aðila í nærsamfélaginu.
- Að mati úttektaraðila er vel staðið að málum sérkennslubarna á leikskólanum.

## 11. Mat og eftirlit sveitarfélagsins

*Sveitarfélögum er ætlað að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og fylgja eftir innra og ytra mati til umbóta í skólastarfi.*<sup>138</sup>

### 11.1 Áherslur sveitarfélagsins

Sveitarfélagið er með stefnu í leikskólamálaum fyrir Kópavog. Hún er unnin af leikskólanefnd og í samvinnu við leikskólastjóra. Leikskólastefnan var gefin út árið 2008. Aldursskiptar skólanámskrár Kópavogs liggja einnig fyrir, en þær eru samdar af starfshópum sem eru að mestu skipaðir leikskóla Kópavogs og einnig einum fulltrúa leikskólaskrifstofu<sup>139</sup>. Þær eru hugsaðar sem rammi fyrir leikskólana til að vinna eftir, en hver leikskóli þarf síðan að klæðskerasauma námskrárnar að sínum áherslum. Sveitarfélagið útbýr einnig jafnréttisstefnu fyrir leikskólana. Að mati leikskólafulltrúa er ekki gerð krafa um að leikskólarnir útbúi sér stefnur í þeim málum, heldur séu áætlanir þannig unnar og ávallt af og í samvinnu við leikskólastjóra, að þær geti verið teknar upp án breytinga<sup>140</sup>.

<sup>135</sup> Viðtal við skólastjórnendur, 24.október 2010.

<sup>136</sup> Starfsmannahandbók Álfasteini, bls. 46.

<sup>137</sup> Viðtal við skólastjórnendur, 24.október 2010.

<sup>138</sup> Lög um leikskóla 90/20098, 19.gr.

<sup>139</sup> Gögn frá leikskólafulltrúa, 13. desember 2010.

<sup>140</sup> Viðtal við leikskólafulltrúa Kópavogsbæjar, 24.október og gögn frá leikskólafulltrúa 13.des. 2010.

Að mati leikskólafulltrúa hefur rekstur leikskólans gengið mjög vel. Leikskólastjóri sé mjög fagleg í rekstrinum og aðhaldssöm og hafi staðist rekstraráætlanir.<sup>141</sup>

Nokkuð mikið eftirlit er hjá Kópavogsbæ með leikskólum sveitarfélagsins. Á leikskólaskrifstofu er starfandi ráðgjafi á sviði leikskólamála og leikskólafulltrúi. Samtals 1 ½ stöðugildi í almenna ráðgjöf og tvö stöðugildi í sérkennslu auk 1 stöðugildis leikskólafulltrúa. Mikil tengsl eru við leikskólana sem eru 18. Á leikskólaskrifstofu er sérkennslufulltrúi og sérkennsluráðgjafi sem sérhæfir sig í einhverfu. Einnig er aðkeypt vinna frá sálfræðingi, iðjuþjálfara og talmeinafræðingi, en til að fá þá þjónustu þarf að berast tilvísun frá viðkomandi leikskóla.<sup>142</sup>

Sveitarfélögin á Kraganum hafa með sér samstarf um símenntun meðal starfsfólks leikskóla. Greining fræðsluþarfa fer ekki formlega fram, nema í óformlegum samtölum við leikskólastjóra á hverjum stað fyrir sig og þörfum hverju sinni. Einu sinni á ári eru sameiginlegir fundir leikskólastjóra hjá þessum sveitarfélögum. Leikskólafulltrúi vill sjá leikskólann þróast áfram á sömu braut, þar hafi verið unnið mjög gott starf og skólinn tekið þátt í mörgum þróunarverkefnum á síðustu 20 árum<sup>143</sup>.

## 11.2 Framkvæmd ytra mats og tengsl við sjálfsmat leikskólans

Leikskólasvið Kópavogsbæjar framkvæmir kannanir meðal foreldra annað hvert ár. Niðurstöður eru bornar saman milli leikskóla og fær hver leikskóli niðurstöður fyrir sinn leikskóla. Ætlast er til að leikskólinn útbúi aðgerðaráætlun og kynni niðurstöður fyrir foreldrum og starfsfólki. Leikskólasvið fylgist með í starfsáætlun leikskólana og hvort aðgerðir eru settar inn í hana. Leikskólafulltrúi tekur einnig starfsmannasamtal við leikskólastjóra annað hvert ár. Leikskólasvið fær niðurstöður leikskólans úr Ecers kvarðanum, en eftirfylgnin er í höndum leikskólans<sup>144</sup>.

Skólafulltrúi sveitarfélagsins var ekki til þegar skólanámskrá Álfaheiðar var samin árið 2005, en námskrá sveitarfélagsins var samin árið 2008. Markmiðið er að endurskoða námskrá leikskóla Kópavogs þegar ný aðalnámskrá liggur fyrir. Í kjölfarið munu leikskólarnir endurskoða sína skólanámskrá. Starfshópar komu að gerð aldurskiptrar námskrár fyrir alla leikskóla Kópavogs og var tekið mið að aðalnámskrá ráðuneytisins.

## 11.3 Mat úttektaraðila

- Kópavogsbær sinnir mati og eftirliti með gæðum skólustarfsins og fylgir eftir innra og ytra mati til umbóta í skólustarfi Álfaheiðar.

<sup>141</sup> Viðtal við leikskólafulltrúa Kópavogsbæjar, 24. október 2010.

<sup>142</sup> Viðtal við leikskólafulltrúa Kópavogsbæjar, 24. október 2010.

<sup>143</sup> Viðtal við leikskólafulltrúa Kópavogsbæjar, 24. október 2010.

<sup>144</sup> Viðtal við leikskólafulltrúa Kópavogsbæjar, 24. október 2010.

- Kópavogsbær er með sér stefnu í leikskólamálum fyrir allt sveitarfélagið. Hún var gefin út árið 2008. Aldursskiptar námskrá Kópavogs liggja einnig fyrir svo og Námskrá leikskóla Kópavogs sem er grunnur að skólanámskrá hvers skóla.
- Kópavogsbær er með stefnu í starfsmanna- og jafnréttismálum sem hugsuð er sem rammi fyrir leikskóla sveitarfélagsins. Álfaheiði hefur sett sér starfsmannastefnu og er með skýra stefnu í umhverfismálum. Hvetja úttektaraðilar leikskólann til að útbúa sér jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun.

## 12. Niðurstöður höfunda

Í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum á úttekt í leikskólanum Álfaheiði í Kópavogi. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar og aðalnámskrá leikskóla. Aflað var upplýsinga með heimsókn í leikskólann, viðtölum við stjórnendur og starfsmenn, í rýnihópi foreldra og barna og á fundi með leikskólafulltrúa sveitarfélagsins.

Úttektin leiðir í ljós að leikskólinn hefur náð góðum árangri með stefnu sína í lífsmennt. Leikskólinn uppfyllir kröfur aðalnámskrár um námssvið og námsþætti, en skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2005 og hefur ekki verið endurskoðuð. Ekki liggur fyrir skipurit í leikskólanum, en unnið er eftir starfslýsingum Félags leikskólakennara (sjá kafla 7.2.) og meirihluti starfsmanna eru fagmenntaðir og með langan starfsaldur. Að mati úttektaraðila er fjöldi stjórnenda of mikill, t.d. eru tveir deildarstjórar á tveimur deildum. Þeir leggja til að hlutverk og ábyrgð stjórnenda verði endurskoðuð og þeim gefin meiri ábyrgð. Fagfundir hafa lagst af í vetur vegna sparnaðar sveitarfélagsins og er að mati úttektaraðila ákveðin hættu að það komi niður á faglegu starfi leikskólans.

Stefna leikskólans í lífsmennt og umhverfismálum er skýr og hefur skilað margvíslegum ávinningi. Leikskólinn hefur unnið að ýmsum þróunarverkefnum með góðum árangri. Kerfisbundið sjálfsmat er í leikskólanum, en skýrari aðgerðaráætlanir vantar í einstökum matsþáttum. Samstarf við starfsmenn leikskóladeildar er mjög gott og koma þeir að mati á skólastarfinu.

### 13. Styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri

Í rýnihópum voru stjórnendur, kennarar, starfsmenn, foreldrar og leikskólafulltrúi spurðir út í styrkleikar, veikleika, ógnanir og tækifæri Álfaheiðar. Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður úr viðtölum við þessa aðila, ásamt niðurstöðum úttektaraðila.

Styrkleikar	Veikleikar	Ógnanir	Tækifæri
Stefna leikskólans <i>Lífsmennt</i>	Skólanámskrá fimm ára og ekki uppfærð	Þjóðfélagsástand	Frekari þátttaka barna
Skólanámskrá liggur fyrir	Skráning á vali misjöfn eftir deildum	Niðurskurður sveitarfélagsins	Útileikskóli, nýta umhverfið meira
Ánægja með leikskólastjóra og starfsandi	Lítill skráning, t.d. á lýðræði barna	Sameiningar leikskóla	Þróa Lífsmennt áfram
Hár starfsaldur starfsmanna	Þröngt rými fyrir börn og starfsfólk	Launabarátta kennara	Halda áfram með þróunarverkefni
Lítill starfsmannavelta	Leiktæki komin til ára sinna	Slæm fjárhagsstaða foreldra – bitnar á börnunum	Tækifæri í matargerð og hollustu – tengt umhverfismálunum
Nemar frá HÍ	Ekki skýrar aðgerðaráætlanir í kjölfar viðhorfskannanna meðal starfsmanna og á stjórnun	Auknar menntunarkröfur (5 ár). Gæti haft þau áhrif að færri koma til starfa í leikskólanum.	Grænfaninn - sparnaður
Mikið þróunarstarf	Starfsmannahandbók ekki nægjanlega klæðskerasaumuð að leikskólanum		
Grænfaninn	Ekki liggur fyrir skipurit		
Gott foreldrasamstarf	Stjórnendateymi of stórt		
Ánægja foreldra með leikskólann	Fagfundir ekki haldnir lengur v.sparnaðar		
Þátttaka og áhrif barna	Starfsmannafundum fækkað úr fimm í einn á árinu		
Litlar fjarvistir	Tölvur ekki inn á deildum		
Fagmenntað starfsfólk	Ekki framkvæmt áhættumat		
Árganganámskrá	Deildarfundir ekki reglulegir		
Gott samstarf við nærsamfélag og sveitarfélag			
Námsþættir úr aðalnámskrá vel útfærðir			
Dagskipulag gott			
Áhrif barna, s.s. í Lucasarverkefninu			
Ecers kvarðinn vel nýttur			
Sérkennslustjóri starfandi og góð eftirfylgni mála			
Upplýsingamiðlun			
Starfsmannastefna liggur fyrir			

## Tillögur til úrbóta

Til að uppfylla þær kröfur sem úttekt þessi leggur áherslu á þarf leikskólinn að mati úttektaraðila að gera eftirfarandi ráðstafanir:

- Uppfæra skólanámskrá og aðlaga að breyttum áherslum í starfi leikskólans.
- Aðlaga handbækur og leiðbeiningar Kópavogsbæjar betur að starfsemi leikskólans.
- Útbúa aðgerðaráætlanir í kjölfar viðhorfskannana meðal starfsmanna og við mat á stjórnun og kynna viðeigandi aðilum.
- Útbúa skipurit fyrir leikskólann og skilgreina betur hlutverk og ábyrgð stjórnendateymis, jafnvel fækka stjórnendum.
- Útbúa starfslýsingar fyrir ófaglærða starfsmenn.
- Endurskoða þarf fundi á leikskólanum. Þar sem fagfundir eru ekki lengur haldnir sökum sparnaðar hjá sveitarfélaginu, þarf að skilgreina betur deildarfundi, bókunarfundi / deildarstjórafundi og tryggja að fagumræða fari fram á fundunum.
- Auka og samræma skráningu á t.d. lýðræði barna.
- Sveitarfélagið þarf að skoða húsnæðismál, tölvubúnað og útileiktæki og láta framkvæma áhættumat.

## Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla, 1999. Reykjavík, menntamálaráðuneytið

Ársskýrsla leikskólans Álfaheiði, 2009-2010.

Erindisbréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, 8.október 2010.

Fyrirlestur Önnu Rósu Sigurjónsdóttur, Raddir barnanna.

Handbók leikskólastjóra í Kópavogi.

Heimasíða leikskólans. [www.alfaheidi.is](http://www.alfaheidi.is)

Jafnréttisstefna leikskóla Kópavogs.

Lög um leikskóla nr. 78/1994.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Móttökuáætlun leikskólans.

Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla 655/2009.

Reglugerð nr. 365/2001 um breytingu á reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.

Starfsmannahandbók Álfaheiðar.

Skólanámskrá Álfaheiðar, 2005.

Stefna og framtíðarsýn leikskóla Kópavogs.

Undirbúningsblað starfsmanna fyrir starfsmannasamtal.



## Viðauki

### Viðauki 1

Undirmarkmið Lífsmenntar:

- Að hjálpa einstaklingum að hugsa um og skoða mismunandi gildi og uppgvöta hvernig hægt er að nota þau persónulega, í samskiptum við aðra, úti í samfélaginu og umheiminum.
- Að dýpka skilning, áhuga og ábyrgð einstaklingsins með því að gaum að jákvæðu líferni.
- Að hvetja einstaklinginn að velja sér persónuleg, félagsleg og andleg gildi og finna aðferð til að þroska þau og dýpka.
- Að hvetja uppáendur og kennara til að líta á menntun sem leið fyrir nemendur til að öðlast lífsfærni. Stuðla þannig að auknum vexti, þroska og færni í að velja sínar eigin leiðir þannig að einstaklingurinn líti á sig sem virtan, virkan og nauðsynlegan þátttakanda í samfélaginu.

### Viðauki 2

#### Dagskipulag Álfaheiðar

7.30-	Leikskólinn opnar
8.00 – 9.00	Frjáls leikur
9.00 – 10.00	Ávaxtahressing / lesstund
10.00 – 11.15	Val úti og inni / hópavinna
11.15 – 11.30	Tiltekt, xc, handþvottur og samvera
11.30 – 12.00	Matur
12.00 – 13.00	Hvíld – róleg stund
13.00 – 14.15	Val úti og inni / hópavinna
14.15 – 14.30	Tiltekt, xc, handþvottur og samvera
14.30 – 15.00	Síðdegishressing
15.00 – 17.00	Val úti / inni

### Viðauki 3

Skýring á starfshlutfalli deildarstjóra þar sem starfandi eru 2 deildarstjórar á deild:

- 100 % starfi þar af 50 % deildarstjórn og 50 % sérkennsla
- 75 % starfi þar af 50 % deildarstjórn og 50% sérkennsla
- 85 % starfi þar af 50% deildarstjórn og 15% sérkennslu
- 93 % starfi þar af 50 % deildarstjórn og 43 % sérkennslu

## Viðauki 4

Fjöldi starfsmanna = 26

Stöðugildi = 32.21

- 12.72 % á deildum,
- 2.42 % vegna afleysingar og undirbúnings,
- 0.20% fyrir aðstoðarleikskólastjóra,
- 0.50 % sérkennslustjórastaða,
- Sérkennsla er áætluð 4.08 % og Kópavogsbær veitir 0.50% stöðugildi fyrir fatlaðan starfsmann
- 1.75 % í eldhúsi
- 1.0% leikskólastjórastaða

### Nöfn starfsmanna og stöðugildi:

1. Aðstoðarleikskólastjóri 100%
2. Deildarstjóri 100%
3. Leiðbeinandi 100%
4. Leikskólastjóri 100%
5. Matráður, deildarstjóri 100%
6. Leiðbeinandi 87,5%
7. Deildarstjóri 85%
8. Deildarstjóri 50% og 25% sérkennsla
9. Deildarstjóri 80%
10. Leiðbeinandi 100%
11. Leiðbeinandi 87,5%
12. Leikskólakennari 75%
13. Leiðbeinandi 100%
14. Leiðbeinandi 100 % sérkennsla
15. Deildarstjóri 50% og 50% sérkennsla
16. Leiðbeinandi 79%
17. Deildarstjóri 50% og 43% sérkennsla
18. Þroskaþjálfari 100% sérkennsla
19. 50% sérkennslustjóri og 25% sérkennsla
20. Aðstoð í eldhúsi 75%
21. 50% deildarstjóri og 37,5% sérkennsla
22. Leikskólakennari 100%
23. Leiðbeinandi 100%
24. Leiðbeinandi 75%
25. Aðstoð í eldhúsi 50 %
26. Afleysing 25 %
27. Tónlistakennari ráðin eftir áramót í lausu stöðuna